

# Morðin á Sjöundá 1802- Dómskjöl

Dómskjöl í Sjöundarármálinu, úr þingbók Barðastrandarsýslu frá 1802, voru prentuð upp af laganemum veturinn 1969 sem voru í áfanga um réttarsögu í lagadeild hjá Þór Vilhjálmssyni prófessor. Þann vetur var haldið námskeið fyrir nemendur í tveimur deildum háskólans, sem lögðu stund á bókmenntir í heimspekideild og réttarsögu í lagadeild, þar sem dómskjöl voru borin saman við skáldsögu Gunnars Gunnarssonar *Svartfugl*.<sup>1</sup>

Eyrún Ingadóttir, framkvæmdastjóri Lögfræðingafélags Íslands, setti dómskjölin í tölvutækt form og breytti til nútíma stafsetningar veturinn 2021-2022 er félagið hóf undirbúning námsferðar á slóðir morðsins á Sjöundá. Allar millifyrirsagnir eru frá henni komnar og þar sem skjalið var ekki lesið saman við frumheimild geta leynst í því villur. Áhugasamir geta nálgast dómskjöl á Þjóðskjalasafni Íslands. Tilvísanir neðanmáls eru blaðsíðutal frumheimildar en sýnishorn úr henni er aftast í skjalinu.

## Efnisyfirlit

Sett extra-héraðs-þing í Sauðlauksdal 8. nóv. 1802.....	2
Bréf setts sýslumanns G. Scheving til Einars Jónssonar hreppstjóra um að hefja rannsókn orðróms um dauða Guðrúnar og Jóns á Sjöundá, 25. Sept. 1802 .....	3
Stefna Einars Jónssonar hreppstjóra 15. október 1802 .....	4
Stefna birt .....	5
Hverjir voru ekki mættir fyrir extra réttinn:.....	5
Guðmundur Sigmundsson skipaður verjandi Bjarna og Steinunnar .....	5
Bjarni færður fyrir réttinn .....	6
Bréf Eyjólfis til sýslumanns 27. sept.....	6
Bréf sýslumanns til hreppstjóranna á Rauðasandi 28. sept. 1802.....	6
Bréf hreppstjóranna til sýslumanns 1. okt. 1802 .....	7
Bjarna vísað inn og yfirheyrður .....	8
Steinunn yfirheyrð .....	10
Rétturinn viðrar grunsemdir sínar að loknum yfirheyrslum .....	13
Réttarhöldum fram haldið 9. nóvember 1802 .....	13
Skilaboð frá sr. Eyjólfri um játningu Bjarna og Steinunnar.....	13
Bjarni yfirheyrður á ný .....	14
Steinunn yfirheyrð á ný.....	16
Bjarni og Steinunn leidd saman fyrir réttinum.....	18
Jón Bjarnason yfirheyrður .....	18
Málfríður Jónsdóttir yfirheyrð .....	21
Björg Einarsdóttir yfirheyrð .....	22
<b>Gísli Bjarnason yfirheyrður</b> .....	23
Jarþrúður Jónsdóttir yfirheyrð .....	23

<sup>1</sup> Sjá nánar: Þór Vilhjálmsson: "Játningar í Sjöundarármálinu". *Guðrúnarbók. Afmælisrit til heiðurs Guðrúnu Erlendsdóttur 3. Maí 2006*, 489-497.

Guðmundur Einarsson yfirheyrður .....	24
Jón Jónsson yfirheyrður .....	25
Guðrún Jónsdóttir yfirheyrð .....	25
Rögnvaldur Ólafsson yfirheyrður .....	25
Ingibjörg Egilsdóttir yfirheyrð .....	26
Guðrún Bjarnadóttir yfirheyrð .....	27
Jón Pálsson yfirheyrður .....	27
Jón Bjarnason, Gísli Bjarnason, Jarþrúður Jónsdóttir og Guðrún Bjarnadóttir yfirheyrð saman .....	28
Réttarhöldum fram haldið 10. nóvember 1802 .....	29
Jón Ormsson prófastur mætir og leggur fram minnisblað .....	29
Skoðun prófasts á líki Guðrúnar .....	30
Líkskoðunarmenn Guðrúnar; Sigmundur Jónsson og Ólafur Sigurðsson, yfirheyrðir .....	31
Lýsing Sigmundar á líki Guðrúnar .....	31
Lýsing Ólafs á líki Guðrúnar .....	31
Jón Ormsson yfirheyrður .....	32
Skýrsla líkskoðunarmanna .....	32
Bréf prófasts til sýslumanns frá 21. júní 1802 .....	33
Eyjólfur Kolbeinsson kapelán kemur fyrir réttinn .....	33
Skýrslur vegna sjórekis líks Jóns Þorgrímssonar og staðfesting þeirra fyrir dómi .....	33
Skoðunarmenn líks yfirheyrðir .....	34
Bjarni Bjarnason yfirheyrður á ný .....	35
Steinunn yfirheyrð á ný að Bjarna viðstöddum .....	36
Skoðunarmenn líks Jóns yfirheyrðir á ný .....	37
Önnur vitni spurð um hvort Guðrún hefði verið barnshafandi .....	37
Réttarhöldum fram haldið 11. nóvember 1802 .....	38
Skýrsla prófasts um Bjarna .....	38
Skýrsla prests um Steinunni .....	38
Ákærandi Einar Jónsson aktor .....	38
Vörn Guðmundar Einarssonar defensor .....	39
Dómur kveðinn upp .....	40

## Sett extra-héraðs-þing í Sauðlauksdal 8. nóv. 1802

### Litt. C:

Ég Guðmundur Scheving Constitureraður sýslumaður í Barðastrandarsýslu gjöri vitanlegt: Að anno 1802 þann 8. nóvember að Sauðlauksdal var af konstitueraðum sýslumanni G. Scheving sett eitt

extra-héraðs- þing, og til þingvitna og meðdómsmanna útnefndir: Faktor Jón Thorberg, forlíkunar commissarius Þorgrímur Pétursson, mr. Ólafur Bjarnason og mr. Árni Þóroddsson.

Hreppstjórinn mr. Einar Jónsson framleggur í réttinn sína autorization undir nafni konstituerads sýslumanns G. Scheving af 25.september svohljóðandi:

### Bréf setts sýslumanns G. Scheving til Einars Jónssonar hreppstjóra um að hefja rannsókn orðróms um dauða Guðrúnar og Jóns á Sjöundá, 25. Sept. 1802

P.M. En þó að enginn hafi angefið fyrir mér að Bjarni Bjarnason á Sjöundá og Steinunn Sveinsdóttir á Hrínesi séu ollandí dauða þeirra Jóns heitins Þorgrímssonar og Guðrúnar Egilsdóttur, þá hefi ég nýlega heyrt að slíkt illvirki skuli með sveitarrómi vera nefndum persónum eignað, þó án skjallegra líkinda.

Grundvöllur þessa tor hneykslunarlega illmælis hlýtur því að rannsast, svo þessar persónur annað hvort frikennast sem saklausar eða straffist sem sekar. Þó það geti ei skeð upp á svo skjótan máta sem tilskipanin af 3. júní 1796. 9. kap. Fyrirskrifaðar, því þetta mál er ekki svo vaxið sem það er gert ráð fyrir til dæmis: að Corpus Delicti sé til, sá siktaði sé gripinn etc., og líka er ég ei viðlátinn að gegna málinu hér að sinni svo sem ég vegna afa míns hlýt að mæta í þeim konunglega Landsyfirrétti 11. okt.

En til þess að sannleikurinn í ljós komist, hlýt ég að uppá leggja yður

1. að grennslast eftir hvort þetta sé ennú sveitarrómur,
2. að komast eftir hvort heimilis eða nábúafólk, náungar eða vinir þeirra dánú persóna, hefðu séð eða heyrt eitthvað sem mætti álíta líkur til illmælisins, sannleika einhverju þess háttá hefur þó kvisast rúmlega mátt byggjast og byrja og að því búnu þá
3. að stefna Bjarna og Steinunni ásamt öllum fáanlegum líka vitnum uppá bæði morðsins að Sauðlauksdal.

Ég þarf ekki að fyrirskrifa yður þetta nákvæmar, ég þekki yðar ástundun og að uppfylla skyldur sem ætíð hafa blessast vel. Varla mun ég koma aftur fyrir en fyrst í nóvember og verið eftir því að ætlast á um daginn sem þér látið mig vita strax og ég heim kem.

Ég legg hér inn copiu af því bréfi sem prófastur Jón Ormsson skrifaði sýslumanni D. Scheving, hvar á hann tilkynnir honum að við líkskoðunina hafi engin líkindi til illmælin til sanninda fundist, en svo sem oft nefnd illmæli samsinnir ei þessum prófastsins vitnisburði þá verðið þér ogso að innstefna velnefndum prófasti ásamt með mr. Sigmundi Jónssyni og Ólafi Sigurðssyni, sem voru við skoðunina, til að vitna um Guðrúnar heitinnar andvana líkama ásigkomulag, samt að framkoma með skýlausar afbatanir, hvar fyrir þeir svo fram þeir af skoðuninni voru ei sannfærðir um illmælisins ósannindi, létu grafa líkið án þess að senda eftir viðkomandi kirurgo til að gjöra Obductions forrettingu. Yfir höfuð tilsegi ég yður að vera aktor í þessari sök og taka yður það allt fyrir höndum sem lögin leyfa og getur þénað til sakarinnar upplýsingar<sup>2</sup> en þótt ég vegna ókunnleika fjarlægðar geti ei nafngreint fleira.

Haga 25. September 1802

G. Scheving

Til hreppstjórans Mr. Einars Jónssonar.

Þessi skikkun var upp lesin og auðkennd með **Litt. A.** þar næst framlagði aktor stefnu undir sínu nafni af 15. október næstliðnum, svo hljóðandi:

---

<sup>2</sup> Bls. 2

## Stefna Einars Jónssonar hreppstjóra 15. október 1802

Sem tilskikkaður aktor innstefni ég undirskrifaður öllum eftirskrifuðum mönnum til að mæta í Sauðlauksdal fyrir þar haldandi extra rétti, af viðkomandi sýslumanni, mánudaginn þann 8. nóvember næstkomandi, og fylgjandi daga ef rétturinn til segir, nefnilega:

1. Bjarna Bjarnasyni á Sjöundá og Steinunni Sveinsdóttur á Hrínesi, báðum sem sigtuðum sekum í dauða Jóns Þorgrímssonar og Guðrúnar Egilsdóttur, sinna á þessu ári burtdauðra ektamaka.
  - a. Til að gefa hina sönnustu og ljósustu undirréttingu um beggja fyrrnefndra persóna dauðsmáta, með öllum af dómaramum og aktori eftirleiðandi kringumstæðum, undir eið af rétturinn uppáleggur;
  - b. Til að heyra á þeirra innstefandi og enn fleira ef fást, heimilisfólk - nábúa og annarra líka vitna-framburð gegn sér og
  - c. Ef í nokkrum verknaði til morðanna sek finnast, þá til að líða dóm til viðliggjandi straffs og sektar.
2. Jóni Bjarnasyni á Láganúpi, Málfríði Jónsdóttur í Gröf, Björgu Einarsdóttur á Skógi, Gísla<sup>3</sup> Bjarnasyni, Jarþrúði Jónsdóttur og Ingveldi Gunnlaugsdóttur á Skápadal, Guðmundi Einarssyni í Kirkjuhrauni, Páli Kolbeinssyni í Saurbæ, Jóni Jónssyni og Guðrúnu Jónsdóttur í Stakkadal, Rögnvaldi Ólafssyni, Ingibjörgu Egilsdóttur og Guðrúnu Bjarnadóttur á Krókshúsum, Margréti Guðmundsdóttur á Lambavatni, og mr. Jóni Pálssyni og Ólöfu Jónsdóttur í Keflavík. Öllum þessum
  - a. Til að svara uppá öll þau spurgsmál sem rétturinn og aktor fram setja fyrir þau í þessari sök og gefa alls sér mögulega upplýsingu um dauða-efni og -máta Jóns heitins og Guðrúnar frá Sjöundá með fleiru þar að lútandi, undir afleggjandi eið; undir falsmáls straff.
3. Yður prófastur Jón Ormsson
  - A. Til að inngefa ljósan og sannan vitnisburð pro officio, um samlyndi milli alls Sjöundárfólks, þetta og næst liðið, um hegðun þess og breytni hvort við annað, og um allt það sem einhver viðkomandi hefði kunnað að auglýsa yður sem sóknarpresti í húsvitjun og við annað tækifæri, sem til þessara hér að lútandi kringumstæðna sakarinnar mætti heimfærast, svo og um aldur og ásigkomulag Bjarna og Steinunnar eftir tilskipun af 21. maí 1751.
4. Yður prófastur herra Jón Ormsson og mr. Sigmundi Jónssyni á Stokkum og mr. Ólafi Sigurðssyni á Lambavatni, öllum:
  - a. Til að afleggja sem sannasta og ljósasta vitnisburð um Guðrúnar heitinnar Egilsdóttur andvana líkama ásigkomulag, þá líkkistan að hr. Prófastsins forlagi á Trinitatishátíð var upp slegin, og líkið þar upp á af hérnefndum skoðað.
  - b. Til að framfæra gilda afbötun, hvar fyrir þeir svo að framt þeir voru<sup>4</sup> af skoðuninni ei öldungis sannfærðir um óhróðurins ósannindi (hvort yður Prófastur hr. Jón Ormsson upplagði skyldu þá að skoða líkið) ekki eftir laganna tilætlun senduð eftir viðkomandi Kirurgo til líksins meir uppábyggjandi yfirskoðunar, annars:
  - c. Allir svo vítt lögin leyfa heyra aktors aðfönnun og uppástand gegn sér, samt réttarins gjörandi ályktun vegna téðrar eða fyrirfinnandi forsómunar.
5. Yður kapelán hr. Eyjólfur Kolbeinsson og mr. Þorbergi Illugasyni í Kirkjuhvammi, Bjarna Pálssyni í Króki og Bjarna Halldórssyni á Skeri og Guðmundi Einarssyni í Kirkjuhvammi, öllum þessum:

---

<sup>3</sup> Bls. 3

<sup>4</sup> Bls. 4

- a. Til að gefa eiðfesta mögulega upplýsingu um þess sjórekna karlmanns líkama ásigkomulag sem af kirkjufólki fannst þann næstliðna 15. sunnudag eftir Trínítatis og þá strax við Saurbæjarkirkju fram fluttur var af hér nefndum skoðaður sem og að svar upp á allar þar að lútandi af réttinum og aktori gjörandi spurningu.
- b. Til að heyra og líða aktors aðfinnun og réttarins gjörandi ályktun, ef nokkuð af viðkomendum finnist hér í forsómað, allt undir falsmáls straff. Lögdags má enginn vænta. - Kolsvík 15. Okt. 1802.

Einar Jónsson  
settur aktor (L.S)

### Stefna birt

Framanskriðuð stefna var auglýst Jóni Bjarnasyni á Láganúpi 15. okt. 1802, Gísla Bjarnasyni, Jarprúði Jónsdóttur og Ingveldi Gunnlaugsdóttur<sup>5</sup> á Skapadal og Bjarna Halldórssyni á Skeri 18. s.m., Björgu Einarsdóttur á Skógi, Þorbergi Illugasyni á Kirkjuhvammi og Guðmundi Einarssyni þar, Páli Kolbeinssyni á Saurbæ, Jóni Jónssyni og Guðrúnu Jónsdóttur á Stakkadal, Málfríði Jónsdóttur í Gröf, Bjarna Pálssyni á Króki, Rögnvaldi Ólafssyni, Ingibjörgu Egilsdóttur, Guðrúnu Bjarnadóttur á Krókshúsum, mr. Sigmundi Jónssyni á Stökkum, mr. Ólafi Sigurssyni á Lambavatni og Margréti Guðmundsdóttur þar, öllum þessum þann 19.s.m.; mr. Jóni Pálssyni og Ólöfu Jónsdóttur á Keflavík þann 20. S.m. vitnum undirskrifaðir stefnuvottar eftir okkar aflögðum eiði.  
Magnús Halldórsson Ásbjörn Ólafsson

Þessa stefnu hefi ég séð og lesið þann 20. október 1802  
Jón Ormsson

Ég gat lesið stefnuna þann 20. okt. 1802  
E. Kolbeinsson

Framan skrifuð stefna var auglýst Bjarna Bjarnasyni, fanga í Haga, og Steinunni Sveinsdóttur í Hrínesi þann 3. okt. 1802, vitnum undir skrifaðir stefnuvottar í Haga, Þingsókn í krafti okkar aflagða eiða.  
Guðmundur Sigmundsson Jón Sveinsson

Sem var upp lesin í réttinum og merkt **Litt B**<sup>6</sup>

### Hverjir voru ekki mættir fyrir extra réttinn:

Allir þeir innstefndu voru til staðar nema Páll Kolbeinsson í Saurbæ, Ingveldur Gunnlaugsdóttir í Skápadal, Margrét Guðmundsdóttir á Lambavatni, Ólöf Jónsdóttir í Keflavík og Þorbergur Illugason á Kirkjuhvammi, engra þessara löglega sönnuð forföll fram komu né buðust.

### Guðmundur Sigmundsson skipaður verjandi Bjarna og Steinunnar

Hreppstjórinn Mr. Guðmundur Sigmundsson á Vaðli fram leggur í réttinn sína autorisation undir héraðsdómarans nafni af 6. nóvember 1802 til að vera defensor þeirra sigtuðu Bjarna og Steinunnar sem upp lesinn í réttinum var mörkuð með **Litt: C** og hljóðar svoleiðis:

---

<sup>5</sup> Bls. 5

<sup>6</sup> Bls. 6

Hér með autoriserast hreppstjórinn mr. Guðmundur Sigmundsson á Vaðli til að vera defensor þeirra fyrir morð sigtuðu Bjarna Bjarnasonar, fanga hér, og Steinunnar Sveinsdóttur í Hrísnesi fyrir extra héraðs rétti sem haldinn verður í Sauðlauksdal til prófs og dóms í þessari sök á þann 8. nóvember næstkomandi og fylgjandi daga ef við þarf, og að taka sér allt það fyrir hendur sem þeim kunni til forsvars og fríunar frá þeim eignuðum morðum að þéna samkvæmt lögum.

Haga 6. nóv. 1802

G. Scheving

### Bjarni færður fyrir réttinn

Sækjandinn Einar Jónsson fram færir munnlega fylgjandi uppá stand: sem hann biður að inn færist í þingbókina

Nl. 1, að Bjarni og Steinunn séu nú strax hvort fyrir sig afheyrð eftir stefnunnar 1. pósti í réttinum.

Nl. 2, þar næst hinir til vitnisburðar inn stefndu í eið teknir og afheyrðir séu. Þar næst var Bjarni Bjarnason eftir réttarins boði sóttur til þeirra manna sem í gær á leiðinni frá Haga og hingað svo vel sem hér í nótt höfðu haft gæslu á honum og laus og liðugur fyrir réttinn inn færður.<sup>7</sup>

Upplýsingar um Bjarna þessa arest aldur og ásigkomulag fram leggur aktor

1. Kapeláns E. Kolbeinssonar pro memoria til constitueraðs sýslumanns G. Schevings af 27. september næstliðinn hvar í hann tilkynnir honum að sjórekið karlmannslík, sem menn dæma Jóns heitins Þorgrímssonar, hafi í gær fundist undir Bjarnanesi með víðara. Það upp lesið auðkenndist með **Litt D** og hljóðar sem fylgir:

### Bréf Eyjólfis til sýslumanns 27. sept

Pro Memoria. Í gær dag eftir messugjörð í Saurbæ fannst af kirkjufólki í þess heimferð sjórekinn maður undir Bjarnanesi í Bæjarlandi, en strax var fluttur til kirkjunnar og lét ég skoða. Hann þekktist af fötum etc. að vera mundi Jón heitinn Þorgrímsson frá Sjöundá. Þetta vildi ég ei undan fella í hr. Prófastsins fjarveru að tilkynna yður velæðlaheitum, ef yður kynni að þóknast nokkrar víðari aðgjörðir að tilskikka í tilliti til þess rigtis sem hér um eitt skeið gekk í sumar. Það virðist þeim er skoðuðu líkamann (er voru Mr. Bjarni Pálsson á Króki, Þórbergur og Guðmundur í Kirkjuhvammi og Bjarni Halldórsson á Skeri) undarlegt að maðurinn hafði hrapað hátt en vera þó hvergi beinbrotinn.

Sauðlauksdal 27. Sept. 1802

E. Kolbeinsson

Til konstetueraðs sýslumanns G. Schevings.

### Bréf sýslumanns til hreppstjóranna á Rauðasandi 28. sept. 1802

2. Bréf sýslumannsins til hreppstjóranna á Rauðasandi mr. Sigmundar Jónssonar og mr. Jóns Pálssonar af 28. s.m. hvar hann skipar þeim með 6 til nefnandi aðgætnustu mönnum, og ef mögulegt, prestinum strax að skoða þetta sjórekna lík, og ef mann verk til bana manningum á því sjáist, þá án dvalar að grípa Bjarna á Sjöundá,<sup>8</sup> og eftir nokkra rannsókn færa hann inn að Haga etc: sem uppleið nóteraðist með **Litt E** og hljóðar sem fylgir:

P.m. Öldungis ferðbúinn suður í Reykjavík meðtók ég í dag bréf frá prestinum herra E. Kolbeinssyni, sem segir: að sjórekið karlmannslík hafi í fyrradag fundist undir Bjarnanesi, sem menn hafði sagt vera Jóns heitins frá Sjöundá, er sagður var hafa hrapað af Skorarhlíðum í vor. Nú svo sem kvisað hefur verið að Bjarni á Sjöundá muni hafa fyrirfarið Jóni þessum, og þar eð umgetið bréf gefur ávæning um að sögnin um hrap Jóns virðist undarlegt og efandi svo sem líkaminn sé óskaðaður, því

<sup>7</sup> Bls. 7

<sup>8</sup> Bls. 8

uppálegg ég ykkar virðulegheitum með 6 tiltakandi aðgætnustu mönnum án minnstu tafar, að skoða líkið, ef mögulegt væri í prestsins nærveru, og skyldu nokkur mannaverk banvæn á því finnast, þá ber ykkur að fara strax inn að Sjöundá og taka Bjarna fastan, færa hann svo fyrst að Bæ og sýna honum áverkan og að spyrja hann hvort hann þekki það ekki sín verk? Og hvort hann meðkenni ekki morð Jóns? Samt með hverjum kringumstæðum? Og hvort nokkur sé í meðvitund eða meðverki? Samt hverjir? Og hvað margir? Játi hann þessu á sig þá er gott en þræti hann, verðið þér að biðja prestinn að ganga á hann og í öllu falli að flytja hann að Haga, hvar hann til minnar afturkomu og sakarinnar útfalls skal vaktast í járnum allt hvað hér í gjörist skuluð þar gefa Mr. Einari í Kollsvík til vitundar, sem settum aktor í sökinni.

Haga 28. Sept. 1802

G. Scheving

Til hreppstjóra mr. Sigmundar Jónssonar og mr. Jóns Pálssonar<sup>9</sup>

--

### Bréf hreppstjóranna til sýslumanns 1. okt. 1802

Bréf frá þessum sömu hreppstjórum til sýslumannsins 1. okt næstliðinn sem er þeirra svar til hans upp á næstuppleið bréf til þeirra, það upp lesið merkist með **Litt.F** og hljóðar svoleiðis:

Eðla göfugi herra sýslumann. Seint í fyrrakvöld meðtók ég Sigmundur Jónsson yðar skikkun að skoða líkið, og svo framvegis, og sendi ég svo strax í bítið um morguninn í gær til Mr. Jóns Pálssonar. Við sendum svo eftir presti, til hvers þó gekk bággt að fá mann, því úti var norðan skafelgur, garður með herki, lét svo prestur skoða líkið af sömu mönnum og fyrr, við hvað við vorum nærstaddir, þeir dæmdu á honum manna verkum líkastar holu sem fyrr, þó hún nú óskýrar sést. Fórum við því strax að Sjöundá og tókum Bjarna sem rétt viljugur en mjög þankalegur gekk með okkur að Saurbæ, neitaði öllum spurgsmálunum og þrætti fyrir alla tilstuðlun til Jóns dauða, fengum við hann svo prestinum fyrir hverjum hann heldur ekkert meðgekk sem hann mun vitna. Nú látum við vakta hann í nótt og höfum skikkað til mann að færa hann inn eftir á morgun í færnu veðri

Saurbæ 1. okt. 1802

Yðar undirgefni þenarar

Sigmundur Jónsson

Jón Pálsson

4, attest prestsins E. Kolbeinssonar um sína yfirheyrslu á Bjarna, af 4.okt. þ.a. tilsent þeim setta aktor Einari Jónssyni, sama dag, presturinn var til kallaður hingað af réttinum aðspurður:

1. Hvort hann kannist við atsted? Svarar Já.
2. Hvort hann gæti nú gefið frekari upplýsingu? Svarar: Nei
3. Atsted uppleið áteknast með **Litt. G.** og hljóðar sem fylgir:

“Þann 1. þ.m. examíneraði ég Bjarna Bjarnason<sup>10</sup> frá Sjöundá, í Saurbæ, áhrærandi honum eignað morð Jóns heitins Þorgrímssonar, og líka nokkuð um dauða konu hans Guðrúnar heitinnar Egilsdóttur, en hann vildi engan veginn meðganga sinn tilverknað til þessara manneskja dauða. Þó truflaðist hann nokkuð í þrætu sinni við það að ég sagði að það væri ómögulegt að maðurinn hefði hrapað þar af Hlíðunum, sem hann hefði sagt, þar sem líkaminn væri óbeinbrotinn, og gekk frá sinni fyrstu sögn um staðinn og sagði Jón heitinn hefði hrapað heiman- og utan- til í Landsbrots

<sup>9</sup> Bls. 9

<sup>10</sup> Bls. 10

skaflingum, /:hvar Klettarnir fyrir neðan eru miklum mun lægri:/ enn þrætti til loka, þó þóttist ég merkja þunga þanka hjá honum.

Sauðlauksdal 4.okt. 1802

E. Kolbeinsson

### Bjarna vísað inn og yfirheyrður

Meðan þessi 4 skjöl voru upp lesin og áteiknuð var Bjarni látinn vera úti fyrir dyrum og nú á ný, eins og fyrr, laus og liðugur fyrir réttinn inn látinn; var honum þá af réttinum tilsagt eftir stefnunna 1. pósti, að framsegja greinilega allar kringumstæður við dauða þeirra Jóns heitins og Guðrúnar konu sinnar, þar hann ei vildi tilstanda nokkurn sinn tilverkað til hans, hvað hann og gjörði svoleiðis:

“Á fimmtudaginn annan í einmánuði, lítið fyrir miðjan dag, fórum við Jón heitinn að láta út kindur okkar og rákum þær saman ofan í fjöruna, gengum svo saman að fjárhúsunum aftur þar sem við skildum og ég fór heim en hann undan á Dal á þann veg sem liggur að Skorarhlíðum. Hann gerði ráð fyrir við mig að hann ætlaði að reyna hvort þar væru ei færar því í Skor, sem að skilst frá Sjöunda með greindum hlíðum, áttum við sameiginlegt hey sem<sup>11</sup> okkur lá á að sækja því báðir vorum við orðnir heylitlir og ég lánaði honum stafinn minn sem var úr ösp með húni. Ekki var annar á bænum nema Grenistafur, húnlaus, sem hann átti. Ég gekk heim. Jón heitinn hafði bláa þrjónakollhúfu á höfði, var í blárri peysu, útþrjónuðum bol, ekki man ég hvoru megin hnapparnir voru, börkuðum fornum og bættum skinnbuxum. Lit sokka hans man ég ekki. Jón kom ekki aftur á þeim tíma sem ég og Steinunn kona hans væntum. Fór ég þá að leita að honum eftir beiðni hennar og þræddi eftir förum hans niður dalinn og yfir Landsbrotsskaf, þar sem Hlíðarnar byrja. Inn fyrir þar næsta Klettabréf að því næsta Svaði fyrir innan sem heitir Rauðaskriða. Þar enduðu förin. Þar sá ég strax svellglottunginn fyrir neðan og ofan eftir, líkast sem far eftir óhreina drægju. Þá ályktaði ég að hér hefði Jón hrapað, sneri svo til baka skelkaður og kom heim um sólarlag og sagði Guðrúnu konu minni þessa ályktun mína sem strax sagði Steinunni frá.”

Aktor spyr Bjarna: Sástu aldrei Jón heitinn frammar eða nokkuð af því sem hann hafði með sér?

Bjarni svarar: Nei, að því undanteknu sem ég sá líkið í Bæjarkirkju þegar ég var tekinn, sem menn álitu hann vera.

Ráku þá ekki skinnbuxurnar af honum?

Bjarni svarar: Það minnir mig?

Sástu þær ekki?

Bjarni svarar: Ég man ekki fyrir víst hvort ég sá þær eða ég heyrið það sagt.

Rétturinn áminnti Bjarna að hann skyldi láta framburð sinn vera skýlausan og sagðist ekki trúá því að hann mynd það ekki glögg, sem skeð hefði svo nýlega, og í svo undarlegu og sjaldgæfu tilfelli.

Bjarni játar sig þá að hafa skoðað buxurnar.

Aktor spyr bjarna: Hvernig voru þær?

Bjarni svarar: Þær voru rifnar upp í aðra buxnaklaufina.<sup>12</sup>

Voru þær rétthverfar?

Bjarni svarar: Það man ég ekki - já mig minnir að önnur buxann væri úthverf - þær voru umvafðar þara.

---

<sup>11</sup> Bls. 11

<sup>12</sup> Bls. 12



Aktor leggur fram 3 spurningar.

- 1) Hver fann buxurnar?
- 2) Hvenær fundust þær?
- 3) Hvar fundust þær?

Sem hann biður að inn færast ásamt svári Bjarna.

Til þeirrar 1. svarar Bjarni: Drengirnir Gísli sonur minn 8 vetra og Sveinn Jónsson hans jafnaldri.

Til 2. það man ég ekki víst - það var eitthvað um sumarmál.

Rétturinn spyr: Hvort var það nær 1. eða 5. viku sumars sem þær fundust?

Bjarni svarar: Eitthvað mitt á milli, til 3. fyrir neðan bæinn í flæðarmálinu.

Rétturinn setur fram fyrir Bjarna spurningar viðvíkjandi buxunum þar sem honum leitast lýsing á þeim heldur víbluleg.

- 1) Hvar skoðaðir þú buxurnar?
- 2) Hvenær skoðaðir þú þær?
- 3) Hvar léstu þær þegar þú varst búinn?
- 4) Hvað varð loks af þeim?

Bjarni svarar:

- 1) Á eldhúsveggnum ofan til uppi í sundinu.
- 2) Daginn eftir að þær ráku því daginn þann sem þær ráku var ég við kindur og fór til þeirra strax aftur um morguninn sem ég sá þær um kvöldið,
- 3) Ég lét þær liggja eftir á sama veggnum og ég skoðaði þær og sá þær aldrei síðar.
- 4) Svarar Bjarni eftir nokkra þögn: Ég veit ekki. Og strax þar eftir sagði hann að Steinunn hefði tekið þær þá þurrar voru.

Hann aðspurður hver hefði þurrkað buxurnar, svarar: Steinunn.

Bjarni enn fremur aðspurður hvað af buxunum hefði verið gjört svarar: Ekki veit ég það glöggst nema að Steinunn gerði ráð fyrir að gera syni sínum Sveini upp úr þeim buxur eða hafa þær í bætur þá þurrar væru.<sup>13</sup> Og frekari eða sannsýnilegri upplýsingu áhrærandi dauða Jóns heitins sagðist ei geta gefið, enn þó hann af réttinum væri margsinnis áfýstur til þess.

Viðvíkjandi dauða Guðrúnar Egilsdóttur konu sinnar, framber Bjarni, að nokkrum tíma áður en hún hafði dáið, s.s. til að geta 3 vikum, því ei sagðist hann muna það upp á víst, hefði orðið snögglega illt af uppsölu kvöldtíma þá hann hafði þó ekki verið háttaður, til hvers hann þóttist enga orsök vita, sem henni daginn eftir hefði öldungis batnað og að mestu hefði verið ósjúk til þess dags sem hún dó, þá um morguninn nokkuð lasburða vildi fylgjast með Steinunni frá bænum ofan að fjárhlaðinu, þangað sem stráð var, varð henni þá illt strax og hún kom ofan að hlaðinu, datt svo sem niður og talaði ei meir. Hjúp þá Steinunn, sem var farin að mjólka, heim og sótti henni að drekka sem henni rann varla niður, hvar eftir þau hefðu borið hana heim í rúm næstum viðskila, og strax hefði hún uppgæfið öndina.

Aktor framleggur nú fylgjandi spurningar til Bjarna sem hann biður að, líkt og hinar, innfærast ásamt svári Bjarna:

- 1) Hvar varst þú þá er Guðrúnu varð illt og hún datt?
- 2) Hvað gerðir þú þá og á meðan Steinunn sótti henni að drekka?
- 3) Hvar varst þú og hvað gerðir þú um morguninn og þá þær Steinunn og Guðrún fóru frá bænum ofan á Hlaðið?
- 4) Hvernig báruð þið Guðrúnu heim?
- 5) Hvað gerðir þú eða Steinunn þegar hún fékk uppsöluna um kvöldið fyrir?

---

<sup>13</sup> Bls. 13

6) Svafstu hjá henni um nóttina?

Bjarni svarar:

- 1) Ég stóð í Kvíardyrnum.
- 2) Ég kallaði til Steinunnar að konu minni hefði orðið illt og bað hana að sækja henni að drekka en hljóp sjálfur til hennar, ríkti henni úr stað,<sup>14</sup> settist niður hjá henni og beið svo þangað til hún kom að heiman.
- 3) Ég fór um morguninn að reka saman ærnar og kvía þær og stóð þar þangað til Steinunn kom og kona mín skömmu síðar, ekkert fór ég eða gerði annað þann morgunn.
- 4) Í Brekáni sem Steinunn sótti heim eftir að við höfðum dreypt á Guðrúnu.
- 5) Ég fór út og sótti henni blávatn að drekka og vakti hjá henni litla stund þar til hún fór smám saman að blunda en Steinunn var ekki hjá henni nema litla stund á meðan ég fór út og meðan hún drakk vatnið.
- 6) Já seinni part næturinnar.

Víðar aðspurður um sama þóttist Bjarni ekki geta greint frekar um dauða konu sinnar eða hans kringumstæður og enga sagði hann hafa verið við nema Steinunn og ekki þá er heim kom utan börnin nema Björg Einarsdóttir hefði þremur dögum síðar eftir beiðni hans hjálpað sér til að kistuleggja hana. Þverneitaði hann öllum sínum tilverknaði við dauða hennar og nefndrar uppsölu, samt nokkurt vitund öðruvísi en hann nú hefði sagt, hvar uppá hann bíður og biðst eiðs.

Yfirheyrslan var upplestin fyrir hann og játaði hann að sín orð og tilsvör væru óafbökuð og rétt innfærð. Þar eftir var Bjarni sendur út og fenginn þeim sömu mönnum til vöktunar og þeim strengilega var fyrirboðið að láta nokkurn við hann tala nema svo þeir heyrðu á.

### Steinunn yfirheyrð

Var þá Steinunn laus og liðug innfærð fyrir réttinn sem henni var ætlað að segjast það sem sannast væri um dauða þeirra Jóns og Guðrúnar og hans<sup>15</sup> kringumstæður frambar fylgjandi:

Þann morgun eftir gjafir sem ég sá síðast Jón minn heitinn, gerði hann ráð um fara inn í Skor og bað mig um skó. Ég gerði honum tvenna roðskó. Síðan fór hann af stað og hélt á skónum í hendinni út úr bænum. Matmálsstund þar eftir fór Bjarni ofan af loftinu og sagðist ætla fara láta út kindurnar með Jóni mínum. Kom Bjarni heim nokkru þar eftir og sagði Jón hefði haldið á veginn inn á Skorarhlíðar og talaði ekki meira en settist upp á loft og saumaði að skinnklæðum. Síðan um daginn þá mér fór að lengja og fór til Guðrúnar Egilsdóttur og kvartaði um þetta sem, ásamt mér, bað Bjarna að fara og leita hans, hvað hann gjörði strax og kom aftur litlu fyrir sólarlag. Merkti ég strax á Bjarna og Guðrúnar umtali fyrir innan bæjarkambinn en þó ljósar af henni skömmu síðar að Jón minn myndi hafa hrapað.

Síðan þennan morgun kvaðst hún aldrei hafa séð Jón sinn né nokkuð af honum utan skinnbuxur hans sem sonur sinn Sveinn hefði fundið niður í fjör í þara sem hann hefði heim borið. Meira þóttist hún ekki geta vitnað um dauða Jóns heitins.

Fram leggur nú aktor fylgjandi spurningar um sama efni til Steinunnar og hann biður að innfæra ásamt hennar svari.

- 1) Hvernig var Jón heitinn klæddur og hvað hafði hann með sér þann dag er hann ætlaði í Skor og dó?

---

<sup>14</sup> Bls. 14

<sup>15</sup> Bls. 15

- 2) Heyrðu ei aðrir en þú, svo þú vissir, að Jón stefndi í Skor eða getur þú framfært nokkrar líkur til þess?
- 3) Hvenær fundust skinnbuxurnar?
- 4) Skoðaðir þú þær?
- 5) Hvar
- 6) Hvernig voru þær í hátt?
- 7) Hvað varð af þeim að lokum?
- 8) Léstu aldrei leita frekar eftir Jóni heitnum?

Steinunn svarar:

- 1) Hann var með bláa kollhúfu einungis á höfði, bláröndóttan lút um hálsinn, í blárri peysu, þríhnepptri með brúntölum, útrjónuðum bol, háflslitnum rauðum bryddingum um hálsmálið, hnepptu undir hendinni, nýrri einskeptu skyrtu, börkuðum skinnbuxum, slitnum og bættum, þó heilum, sauðsvörtum nærbuxum nýlegum og tvennum sokkum, þeir ytri mórauðir einspinnu skokkar, hinir voru hvítir með bláum röndum að ofanverðu, meðferðis vissi ég ei hann hefði utan eina vettlinga og tvenna roðskó og stafinn sinn.
- 2) Enginn svo ég vissi nema kannski bræðurnir Bjarni og Jón heyrðu ráðagjörð hans sem líkindi mega ætlast að þeir ættu hey í Skor en ekki nema viku björg heima og roðskórnir sem ég gerði og fleira get ég ekki sagt.
- 3) Eitthvað undir messudaga.  
Af hverju manstu það? Spyr rétturinn. “Af því”, segir hún, “að jörðin væri farin að grænka.”
- 4) Já
- 5) Á eldhúsveggnum ofan til í sunnan milli þess og baðstofunnar.
- 6) Þær voru allar rifnar helst með saumunum, báðar voru rétthverfar, betan úthverf, votar og útvaðar í þara.
- 7) Þær lágu þar alltaf á veggnum an þess að nokkur skipti sér af þeim þangað til rétt skömmu áður en ég var burtflutt,<sup>16</sup> hurfu þar burt án minnar vitundar.
- 8) Nei.

Rétturinn spyr Steinunni: Hvað kom til þess að þú hafðir enga viðburði að leita að honum, sem þó er alls staðar venjulegt, þá menn hverfa svo skyndilega í burtu?

Hún svarar: Ég var grunlaus og trúði Bjarna að hann mundi hafa hrpað og það í sjó.

Viðvíkjandi Guðrúnu heitna Egilsdóttur lagði aktor fram spurningar til Steinunnar:

- 1) Varð Guðrúnu heitinni ekki venju fremur illt af uppsölu í fyrravetur?
- 2) Hvenær var það?
- 3) Hvað gerðir þú þá eða Bjarni?
- 4) Vissir þú nokkra orsök til þess?
- 5) Gafstu henni ekki graut það sama kvöld?
- 6) Var ekkert látið saman við hann?
- 7) Hvenær batnaði henni veikin?

- 1) Jú það varð henni en ekki var það af mínum völdum.
- 2) Skömmu eftir sumarmálin eitt kvöld eftir háttatíma.
- 3) Ég kom strax til hennar þá ég heyrði henni var illt og sat hjá henni, fylgdi henni svo ofan og út og kom Bjarni þar eftir til okkar og sótti henni að drekka, fórum við svo öll inn aftur en þá henni var farið að batna uppsalan og verkjarkviðurnar, yfirgaf ég hana og fór að hátta aftur.

Steinunn aðspurð: Hvort Bjarni hafi verið háttaður þá henni varð illt?

Já en hann fór strax á fætur frá henni.

---

<sup>16</sup> Bls. 16

4) Nei nema hann það verið sá brjóstverkur sem hún hafði á milli átt vanda til.

5) Eftir nokkrar vöfflur og þögn svara hún: Jú, en ekkert var skaðlegt<sup>17</sup> af mér í hann látið.

6) var af réttinum oft ítrekað fyrir henni við það hún lengi ýmist viblaði eða þagði þangað til hún um síðir svaraði:

”um kvöldið sem hún hafði fengið uppsöluna um nóttina var ég að skammta vatnsgraut í búrinu og lét ég dálítið af honum í ausu sem ég ætlaði að gefa Guðrúnu heitinni. Kom þá Bjarni að búrdyrnum og spyr hverjum ég ætli það sem sé í ausunni og ég segi að ég ætli að gefa Guðrúnu það, hvar uppá hann, sem ég hel verið hafi í gamni, tekur bréf upp úr vasa sínum og sáir úr því útá ausuna. Í því bili gengur Guðrún um dyrnar á leið að mjólka og rétti ég henni ausuna og hún borðar úr henni og fær mér hana svo aftur.

Rétturinn spyr Steinunni:

1) Hvað var það sem Bjarni sáði út á grautinn,

Hún segir: Ég veit það ekki.

2) Hvernig var það í hátt?

Hún segir það var smátt hvítbleikt, líkast sköfnum alabasturs steini.

3) Vissir þú ekki að það væri skaðlegt?

Hún svarar nei.

4) Sagði Bjarni þér ekki hvað það væri eða spurðir þú hann ekki að því?

Hún svarar nei, hvorugt.

5) Gerði Bjarni ekki ráð fyrir þessu við þig áður?

Steinunn neitaði því en viblaði þó.

Frekara aðspurð um dauða Guðrúnar og kringumstæður hans sagði Steinunn allt vera samkvæmt Bjarna áður innfærðri lýsingu, að því einu undanteknu að hún sagði að Guðrún heitin hefði dottið niður á leiðinni og aldrei komist að fjárhliðinu.

Þar næst framsetur rétturinn spurningar:

1) Veist ekki að Bjarni Bjarnason hafi drepið Jón heitinn mann þinn?

2) En að hann hafi gefið Guðrúnu konu sinni inn eituroða eða myrt hana?<sup>18</sup>

3) Varstu í ráði eða verki með Bjarna að myrða þau Jón og Guðrúnu?

1) Nei.

2) Nei.

3) Nei.

Víðara krafín kvaðst Steinunn ekkert geta sagt sökinni til upplýsingar.

Þessi hennar framburður var fyrir henni upp lesinn og játaði hún að sín orð væru óafbökuð innfærð.

Rétti frestað til morguns. Menntu voru útnefndir til að gæta Steinunnar og, líkt og vökturum Bjarna, þá var þeim skipað að varna því að nokkur fengi við hana að tala án þess að þeir heyrðu svo sem þau voru enn ókonfronteruð.

---

<sup>17</sup> Bls. 18

<sup>18</sup> Bls. 19

## Rétturinn viðrar grunsemdir sínar að loknum yfirheyrslum

En svo sem rétturinn þykist finna að hér af orsök til að tortryggja þau Bjarna og Steinunni, en þótt þau bæði þræti fyrir vitund og verkun til dauða Jóns og Guðrúnar; þar

1. Bjarni ítrekar og staðfestir fyrir réttinum sína fyrstu sögn um staðinn á hverjum Jón hefði öldungis fallið þá presturinn E. Kolbeinsson examinaði hann í Saurbæ.
2. hans vitnisburður um buxur Jóns heitins er gjörvallur svo villulegur, sér sjálfum og sögu Steinunnar gagnstæður áhrærandi hans skoðun á þeim og þeirra ásigkomulagi, tíðina nær þær fundust sem og hvað af þeim hafi orðið.
3. Þeim kemur ei heldur saman um hvar Guðrún hafi dáið.
4. Bjarni þagði um það sem Steinunn fyrst eftir margar villur sagði, um það sem Bjarni skyldi hafa sáð út á grautinn sem Guðrún borðaði<sup>19</sup> það kvöld sem henni varð illt, sem kveikir þó mikinn misgrun.
5. Engir viðburðir voru sýndir á að leita Jóns heitins sem hefði hann hrapað og dottið í sjó kunní auðveldlega að reka á land.
6. Steinunn, ekki án sérlegrar tregðu og sterkrar eigin afsökunar, sagði frá að hún hefði gefið Guðrúnu grautinn og að Bjarni hefði sáð út á hann.
7. Þessi misgrunur er einungis fenginn af þeirra eigin meðkenningu af óheyrðum öllum þeim innstefndu vitnum.

Ásetur því sýslumaðurinn að biðja E. Kolbeinsson prest, ásamt sér, að tala um fyrir þeim Bjarna og Steinunni og reyna að snúa þeim frá rímlegast upptekinni þrætni til sannleikans skýlausrar viðurkenningar.

Ut Supra.  
G. Scheving  
J. Thorberg                      Þógrímur Pétursson  
Ólafur Bjarnason              Árni Þóroddsson

## Réttarhöldum fram haldið 9. nóvember 1802

### Skilaboð frá sr. Eyjólfí um játningu Bjarna og Steinunnar

9. nóvember 1802

Að morgni þess 9. nóvember á sama ári og stað sem hér að ofan greinir settist rétturinn að nýju. Fram kemur svo aktor með þau skilaboð frá prestinum sr. Eyjólfí Kolbeinssyni að Bjarni og Steinunn væru nú ekki lengur forstokkuð heldur hefðu þau í gærkvöldi viknað og til staðið heimuglega fyrir sér sínar misgjörðir og sagt frá öllum að mestu sannsýnilegum kringumstæðum og atvikum við bæði morðin, af hálfu hvors þeirra, og staðfest sína sömu meðkenningu nú í morgun fyrir sér og svo heimuglega. Uppástendur því aktor að þau segtuðu Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir<sup>20</sup> verði strax kölluð inn og afheyrð á ný.

Þessari uppástungu aktors samþykkir rétturinn því honum virðist óhægra að láta vakta þau hvort í sínu lagi svo hvorugt geti talað við hitt eða nokkurn annan á meðan þau innstefndu vitni eru í eið tekin, yfirheyrð og borin saman, þar sem hús eru lítill og margt fólk, og óttast að þau kunní máski að harðna aftur og ganga frá sinni meðkenningu með biðinni.

---

<sup>19</sup> Bls. 20

<sup>20</sup> Bls. 21

## Bjarni yfirheyrður á ný

Lætur því kalla Bjarna Bjarnason sem strax kemur fyrir réttinn, mikið harmandi og eftir réttarins tilsögn að hann skuli nú segja allt en engu leynd af öllum atvikum við dauða Jóns heitins og Guðrúnar konu sinnar. Framber fúslega fylgjandi: Snemma í fyrravetur kveiktist samdráttur milli mín og Steinunnar og þar eftir holdlegt samræði, hvar af kom óánægja konu minnar við mig en oft ítrekuð reiðileg aðfinnsla og deilur Jóns við konu sína, af hverju okkar upptekna athæfi við ekki létum, okkar samræði var þó hulið öllum mönnum. Líka rís af þessum samdrætti úlfúð milli mín og Jóns svo sem ég tók oftlega Steinunnar svar því Jón fann að við hana. Við Steinunn ræddum oft saman þá leið á veturinn um að myrða Jón heitinn en ég var þó frekar ~~(tregur)~~– Nokkrum sinnum talaði Guðrún kona mín en þó oftár Jón við mig um að Jón heitinn myndi heft við mig ala sem ég líka sjálfur merkti á orðum hans og atvikum við mig. Premur eða fjórum dögum áður en hann dó minnst ég að við deildum síðast. Það reis af þráðarhnykli sem Jón af glettni skar í sundur fyrir Steinunni en Steinunn<sup>21</sup> ávitaði hann fyrir sem hann svaraði með þjóstyrðum en ég tók svari Steinunnar og varð svo deilan eiginlega milli okkar.

Rétturinn spyr Bjarna:

1) Manstu það ei til vissu að þetta var ykkar deila?

Hann svarar: Jú

2) Hvar deilduð þið um þetta og um hverja dagstund?

Hann svarar: Inná lofti um kvöldvöku.

3) Fóru þá engin hnýtingaryrði fram milli ykkar eða við annað tækifæri?

Bjarni svarar: Þá engin og aldrei nema einu sinni sagði ég: Það er illt ef Steinunn þarf að líða þetta lengi. Hvar til Jón svaraði: Ég hef ekki fyrirbúist að við skulum hér eftir lengi eigast svona við.

Rétturinn spyr: Hvenær og við hvaða tækifæri töluðuð þið þetta, eða heyrði nokkur það? Ekkert af þessu man ég nema að Steinunn hefur sjálfsagt heyrt það.

4) Flugust þið Jón heitinn aldrei á?

Bjarni svarar: Nei aldrei.

Víðara framber Bjarni:

Daginn sem Jón heitinn dó áttumst við ei við fyrr en hann, eftir gjafir, fór að láta út kindur. Fór ég þá skömmu síðar til að gera hið sama. Fjárhúsin okkar stóðu milli bæjar og sjós, rákum við svo kindur okkar saman í fjöruna og töluðum ekki saman. Á honum sá ég þykkju til mín. Við héldum hvor á sínum staf, ég formerkti að hann vildi jafnan ganga á baki mér, af því fékk ég misgrun og leit ég nú því til baka. Þegar við nú vorum nærri komnir með féð í fjöruna leit ég um öxl mér. Reiddi Jón heitinn þá staf sinn rétt upp og segir: Ja nú skal fram sem ætlað er. Rétt í sama keyrði ég stafinn minn að höfði Jóns og kom höggið á vangann. Jón heitinn datt niður dauður. Stafur minn brotnaði sem var sá sami og ég sagðist hafa léð Jóni að ganga á Hlíðarnar með. Ég<sup>22</sup> kastaði brotunum í sjóinn, síðan gekk ég að Jóni með hverjum ég þá ekki fann lífsmark og kastaði honum fram af Mósköflunum. Tók ég svo staf Jóns og gekk við hann heim og sagði Steinunni hið sanna en öllum öðrum hitt sem ég í gær frambar hér fyrir réttinum. Nefnilega að Jón heitinn hefði gengið á Hlíðar, til að dylja glæp minn, var sú uppdiktan ekki síður Steinunnar en mín ráð. Daginn eftir þá rak ég kindurnar í fjöruna að vanda og fann Jón heitinn rekinn skammt þar frá sem ég hafði fleygt honum daginn áður. Tók ég þá líkamann og bar hann upp á Bakkana fyrir ofan og innan, gerði þar djúpa snjógröf, lét Jón þar ofan í og mokaði snjó yfir. Þar lá Jón þar til um fardaga í vor. Þá bar ég Jón burtu og inn á skerjaklöpp sem skammt

<sup>21</sup> Bls. 22

<sup>22</sup> Bls. 23

fyrir innan skagar fram í sjóinn og er djúpt við. Þar kastaði ég honum fram af. Eftir það sjá ég ekki Jón né nokkuð af honum fyrr en í Bæjarkirkju á dögum. Allt þetta skeði með Steinunnar vitund og ráði en engri tilhjálp.

Eftir að Jón heitinn var nú svona dáinn talaði Steinunn oft við mig að Guðrún kona mín yrði og að ráðast af dögum, svo við gætum saman náð sem mig og langaði eftir, en var tregur til að myrða konu mína. Þó um síðir af iðulegum fortölum Steinunnar fékk ég henni gamalt rottukruð og Eirsvarf innan í bréfi til að gefa Guðrúnu inn sem hún og gjörði tveimur dögum þar eftir en ekki var ég þá við en Steinunn sagði mér strax frá því á eftir að hún væri nú búin. Þetta hafði þá verkun að hún um nóttina fékk miklar uppsöluhríðir með hverjum hún var allan nóttina en batnaði þá daginn eftir. Enn ítrekaði Steinunn að við yrðum að myrða Guðrúnu konu mína bæði til þess að hún bæri ekki út okkar lífnað (ei var aðra<sup>23</sup> að óttast því enginn var annar á bænum utan börn mín og þeirra Jóns og Steinunnar hvar af þeir elstu drengirnir, Sveinn og Gísli, voru 8 vetra og gátu því ekki komist eftir því) og við Steinunn gætum gifst og hótaði mér þess á milli að hún skyldi koma upp um mig mannsmorðinu ef ég léti konu mína lífa.

Þó gjörðum við engrar frekari tilraunir að myrða Guðrúnu fyrr en laugardaginn næsta fyrir hvítasunnu. Þá fór ég um morguninn að reka saman ærnar sem eftir hjörðu svo þær yrðu mjólkaðar. Ætluðu þær Guðrún mín og Steinunn að koma ofan eftir og mjólka þá ég væri búinn að smala. Þegar ég hafði rekið ærnar á hlaðið kemur Steinunn til mín og þá sáum við Guðrúnu halda frá bænum. Steinunn segir: Þar en nú annað hvort að gera ellegar ég opinbera þig. Guðrún settist niður á leiðinni. Fór ég svo frá dýrunum og upp eftir til hennar. Hún stendur upp en ég tek annarri hendinni fyrir hálsinn á henni en annarri slæ ég á bakið og fellur hún þá niður. Þar eftir tók ég báðum höndum um vitin, nefnilega munninn og nasirnar á henni svo hún skyldi kafna en Steinunn sem kom strax á eftir mér til Guðrúnar heitinnar hélt höndunum á henni svo hún spriklaði minna, ofan með síðunum en þá af Guðrún var dregið sýnilega lífið fór Steinunn heim að bænum og sótti brekán til að bera hana heim í sem við og gjörðum og lögðum hana upp í rúm og veittum henni skömmu þar eftir nábjargirnar en á fjórða degi Hvítasunnu sótti ég Björgu Einarsdóttur á Skógi til að kistuleggja hana með okkur því ég var búinn að smíða kistuna. Smíðaði ég svo lokið á kistuna daginn eftir og sagði að hún hefði dáíð af brjóstveiki svo sem fólki var kunnugt<sup>24</sup> að hún átti vanda til.

Þar eftir framsetur rétturinn fyrir Bjarna Bjarnason fylgjandi 5 spurningar:

- 1) Hefur þú myrt Jón heitinn Þorgrímsson næstliðinn 1. apríl, eða fimmtudaginn annan í einmánuði, saklausan?
- 2) Hefur þú veitt Jóni heitnum Þorgrímssyni, dauðum eða lifandi, sting nokkurn?
- 3) Hver var þinn tilgangur með að fá Steinunni Eiðsvarvið til að gefa konu þinni inn?
- 4) Hefur þú kyrkt eða myrt konu þína Guðrúnu heitna Egilsdóttur?
- 5) Hvort og hvað marga lýsir þú að hafi verið í vitorði, ráði eða verki með þér í þessum stórglæpum?.

Svör Bjarna:

1) Að vísu henti mig sú ólukka að drepa Jón heitinn Þorgrímsson, en ekki var hann saklaus, þar reiddi hann upp stafinn að fyrra bragði.

Rétturinn spyr hann að: Hvort hann geti fram fært nokkrar líkur til þess? Hvort nokkuð högg hafði á hann komið? Hvort hann hafi fengið nokkuð sár? Hvort hann hafi líst því við nokkurn mann fyrr en nú?

Upp á öll þessi spurgsmál svarar Bjarni:

Nei hvar upp á rétturinn auglýsir Bjarna sína efasemi um að hann segi það satt að Jón heitinn hafi reitt upp stafinn af fyrra bragði í þeim tilgangi að myrða eða skaða Bjarna sem grundist vel á hans áður gjörðu meðkenningu, að hann og Steinunn hafði oft rætt saman um að drepa Jón, sem og á þekkingu Jóns heitins miklu minni krafta og hörku en Bjarna og spyr því Bjarna:

Hvort hann vilji ei frá falla svo ósannsýnilegri sögu sinni um þetta tilræði Jóns heitins?

---

<sup>23</sup> Bls. 24

<sup>24</sup> Bls. 25

Bjarni svarar : Nei, hví ég segi satt, og oft inntur um það, stóð hann á sama.

2) Nei það hefi ég ei gjört.

3) Að Guðrún mín skyldi deyja af því.

4) Spurgsmálinu svarar Bjarni með venju<sup>25</sup> meiri gráti: Já ég meðgeng það.

5) Steinunn Sveinsdóttir kona Jóns heitins Þorgrímssonar var í vitorði og samsinnti því að ég drap hann en enginn annar. Hún og enginn annar var líka í vitorð, ráði og verki með mér, svo vel þá ætluðum við að myrða hana á Eirsvarvinu, sem þá við bæði líflétum hana síðar eins og áðan meðkenndi fyrir þessum rétti. Svo sem Bjarni þóttist ekkert frekar eða annað geta sagt eða meðgengið í þessu efi var öll hans hér rituð meðkenning og andsvör fyrir honum upp lesin og af honum í öllu samsinnt, hvar upp á hann var út leiddur frá réttinum og fenginn 4 mönnum til vöktunar.

### Steinunn yfirheyrð á ný

Í hans stað var innleidd Steinunn Sveinsdóttir laus og liðug og um þessa sök af réttinum spurð:

1) Hafðir þú samdrátt og holdlegt samræði við Bjarna Bjarnason á meðan maður þinn lifði?

Hún svarar: Já.

2) Um hvörn tíma og hvað oft?

Hún svarar: Í fyrra vetur þá á leið byrjaðist okkar samdráttur og samræði og helst við úr því að öðru hvoru en ekki man ég hvað oft, þar til í sumar í 13 vikunni er ég var flutt með börnum mínum frá Sjöunda að Hrínesi.

3) Varstu í ráðum með Bjarna Bjarnasyni að hann skyldi myrða Jón heitinn Þorgrímsson mann þinn?

Hún svarar: Já.

4) Eggjaðir þú Bjarna á að myrða Jón heitinn?

Hún svarar: Nei, það gjörði ég ekki.

5) Vissir þú fyrir hvenær Bjarni ætlaði að myrða Jón?

Hún svarar: Ekki glögg.

6) En hvenær?

Hún svarar: Nei ekki fyrirfram en strax og hann kom heim sagði hann mér: Að nú hefði hann rotað Jón með stafnum og fleygt honum í sjóinn.

7) Sagði Bjarni þér frá tilburðum Jóns eða viðskiptum þeirra við morðið?<sup>26</sup>

Hún svarar: Nei ekki annað en ég sagði nú strax.

8) Hjálpaðir þú ekki Bjarna til að myrða Jón heitinn?

Hún svarar: Nei.

9) Hvar varstu þá á meðan?

Hún svarar: Inná baðstofulofti og í bæjardyrum og göngunum á víxl.

10) Hjálpaðir þú ekki Bjarna til að dysja Jón heitinn eða burt flytja hann?

Hún svarar: Nei.

11) Hvað gjörði Bjarni af líkinu?

---

<sup>25</sup> Bls. 26

<sup>26</sup> Bls. 27



Hún svarar: Hann gróf það í snjóskafli við sjóinn og niður undan fjárhúsunum þá hann daginn eftir fann það í fjörunni, eftir það hann hafði fleygt því í sjóinn, og kastaði því svo í vor fram af hleininni í sjóinn aftur.

12) Hjálpaðir þú honum ekki til þess og fluttuð þið ekki líkið á bát fram á sjó?

Hún svarar: Það er langt frá, nei.

13) Sagði Bjarni þér ekki að hann hefði stungið Jón heitinn fyrir brjóstið áður eða eftir það hann féll í rot?

Hún svarar: Nei.

14) Varstu ekki í fullkomnu vitorði með að drepa Guðrúnu heitna Egilsdóttur ásamt Bjarna?

Hún svarar: Jú eftir það Jón minn var drepinn.

15) Gafst þú henni inn eitru rúmum mánuði áður hún dó?

Hún svarar: Ei veit ég hvað það var sem Bjarni fékk mér innan í bréfi og sagði ég skyldi gefa henni það inn og ég geymdi það hjá mér í 2 daga áður ég gaf henni það í graut, nema að mig minnir hann nefndi það Roðkruð.

Rétturinn innti hana eftir hvort hann hefði ei kallað það rottukruð og sagði hún: Það minnir mig og það getur skeð ég nefni það ei rétt.

16) Sagði hann þér að það væri banvænt?

Hún svarar: Það sagðist hann halda.

17) Hver var þinn tilgangur með að gefa Guðrúnu heitinni þetta inn?

Hún svarar: Frekar sameiginlegur tilgangur var: að Guðrún heitin dæi af því.<sup>27</sup>

18) Hverja verkun hafði þessi inngjöf á Guðrúnu heitna?

Hún svarar: Guðrún heitin fékk óvenju mikla uppsölu þar af strax um nóttina sem henni batnaði aftur daginn eftir að mestu leyti og var fullbata viku fresti og lifði að mestu ósjúk í þar um 6 vikur þar eftir.

19) Eggjaðir þú ekki Bjarna að hann skyldi myrða Guðrúnu heitna Egilsdóttur eftir þetta?

Hún svarar: Nei.

20) Hjálpaðir þú honum ekki til að drepa hana?

Hún svarar: Jú í því og eftir hans skipun hélt á henni höndum á meðan hann kyrkti og kæfði hana, sótti síðan heim brekán og bar hana heim með honum næstum viðskila.

21) Hvenær myrtuð þið Bjarni og hvar Guðrúnu heitna Egilsdóttur?

Hún svarar: Laugardaginn fyrir hvítasunnu um dagmálabil . Rétt fyrir norðan túnið á Sjöundá.

22) Lýsir þú nokkrum að hafa verið í vitorði eða verki að þessum illvirkjum með þér auk Bjarna Bjarnasonar?

Hún svarar: Nei, engan.

23) Hverjir og hvað margir voru til heimilis á Sjöundá þegar Jón heitinn Þorgrímsson og Guðrún heitin Egilsdóttir voru myrt?

Hún svarar: Þegar Jón heitinn dó voru þar Jón Bjarnason bróðir Bjarna og Málfríður Jónsdóttir, bæði vinnuhjú fullorðin. Guðrún heitin Egilsdóttir, Bjarni Bjarnason og þeirra 3 börn og ég með mínum 5

---

<sup>27</sup> Bls. 28

börnum, hvar af þau 2 elstu voru 8 vetra, í allt 13 manns, en þegar Guðrún heitin dó var þar enginn til heimilis nema við Bjarni og okkar 8 börn, í allt 10 manns.

24) Hvar var þetta heimilisfólk þegar Jón heitin var myrtur?

Hún svarar: Það var allt inná lofti nema<sup>28</sup> Jón Bjarnason sem var í fjósinu.

25) En hvar voru börnin þegar Guðrún heitin var myrt?

Hún svarar: Þau voru engin komin á fætur.

Þessum framburði sínum sem fyrir henni var upp lesinn samsinnti Steinunn Sveinsdóttir að öllu leyti fyrir réttinum.

### Bjarni og Steinunn leidd saman fyrir réttinum

Var svo Bjarni Bjarnason aftur inn færður fyrir réttinn, laus og liðugur til þess að vita hvort þeirra sannara segði um Steinunnar áeggjan til morðs Guðrúnar heitinnar sem var það eina sem þeim bar á milli. Bjarni stóð við alla sína fyrr ritaða lýsingu upp á Steinunni enn áeggjan hennar til morðsins, og tilfærði sömu röksemdir en Steinunn þrætti og sagðist aldrei hafa eggjað Bjarna á, að drepa hvorugt þeirra. Um síðir, eftir langa þrætur þeirra á milli meðgekk Steinunn að hún hefði ráðið Bjarna að drepa Guðrúnu einungis tvisvar, og fært það til, að þau næðu ei saman ella, og Guðrún heitin opinberaði þeirra vonda lifnað en þrætti þess að hún hefði við kvína eggjað hann og hótað að opinbera ella dráp hans á Jóni, en sagði að Bjarni hefði að fyrra bragði kallað á sig til að hjálpa sér því hann hefði séð til Guðrúnar og hefði hún svo fylgt honum. Hverju Bjarni þverneitaði, staðfesti sinn fyrri áburð og lagði til: Þegar Steinunn hótaði að opinbera mig, sagði ég, gjörðu það þá. Því segir Steinunn: Ég get það ei einsömul. Hjóp ég þá uppeftir og sagði: Hana komdu þá. Alls þessa þrætti Steinunn en Bjarni staðfestir það og ei gat rétturinn komið þeim til að fallast á eitt, því hvort þeirra hélt sínu svari stöðugt. Þar eftir<sup>29</sup> voru Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveindóttir út leidd frá réttinum og flutt, sitt í hvoru lagi, undir tilbærilega vöktun en öll þau með stefnunnar öðrum pósti innstefndu vitni sem hér mættu innkölluð fyrir réttinn sem að heyrðri þeirrar allra náðuglegast uppáboðnu eiðs útskýringu sóru öll með uppréttum 3 fingrum þeim af réttinum fyrir stílaðan svolátandi eið:

Það sver ég Jón Bjarnason, Málfríður Jónsdóttir, Björg Einarsdóttir, Gísli Bjarnason, Jarþrúður Jónsdóttir, Guðmundur Einarsson, Jón Jónsson, Guðrún Jónsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Ingibjörg Egilsdóttir, Guðrún Bjarnadóttir, Jón Pálsson og segi það almáttugum Guði að ég skal segja sannleika og vitna það allt og engu afleytna, af því sem ég frekast veit og ég verð aðspurður/aðspurð í þeirra sök sem ég var hingað stefndur/stefnd á æstliðin 8 þ.m. til að vitna í fyrir þessum rétti svo sannarlega hjálpi mér Guð og hans heilaga orð.

### Jón Bjarnason yfirheyrður

Að öllum öðrum vitum útgengnum leggur aktor fram fyrirliggjandi spurningu til Jóns Bjarnasonar heimilismanns á Sjöundá í fyrravetur og bróður Bjarna, er nú stóð fyrir réttinum, sem hann biður að innfæra ásamt svari Jóns:

- 1) Hvað vissir þú til ósamlyndis á Sjöundá í fyrravetur á milli hjónanna Jóns heitins og Steinunnar og Bjarna og Guðrúnar heitinnar og á milli bændanna Jóns heitins og Bjarna?
- 2) Voru nokkrar deilur á milli bændanna eða hjónanna daginn sem hann Jón dó?
- 3) Var hneykslanlegur samdráttur milli Bjarna og Steinunnar í fyrravetur?
- 4) Hvað vissir þú seinast til Jóns heitins?

---

<sup>28</sup> Bls. 29

<sup>29</sup> Bls. 30

- 5) Lýsti hann ei hræðslu eða kvíða<sup>30</sup> fyrir Bjarna við þig?
- 6) Vissir þú ekki til, eða grunaði þig ekki að Bjarni myndi hafa sálgað Jóni heitnum?
- 7) Sástu hann aldrei eftir það hann dó?
- 8) Fór Bjarni að leita hans þann dag?
- 9) Var talað mikið eða oft um fráfall Jóns eða gert ráð fyrir að leita hans frekar?
- 10) Var Guðrúnu heitinni illt að vanda eða fékk hún nokkurn tíma óvenju verki í fyrravetur?
- 11) Hvernig orsakaðist það?
- 12) Batnaði henni aftur?
- 13) Gáfu þau Bjarni og Steinunn henni eitur inn eða sýndu þau henni ekki annað banatilræði?
- 14) Veistu ekki til sömu Bjarni og Steinunn hafi myrt Guðrúnu Egilsdóttur konu Bjarna?

Upp á þá 1tu spurningu svarar hann: Það var mikið ósamlyndi sérdeilis milli bændanna og Jóns og Steinunnar sem ýmist deildu eða gengu með þögn og þykkju. Jón heitinn ávítaði Steinunni fyrir það að hún gengi eftir Bjarna og stæði hjá honum en skipti sér ekki af sér, svo sem hann var nöldrunarsamur. Steinunn svaraði óþægilega en ætíð þá Bjarni komst að því sló hann sér jafnan fram í tal þeirra og hélt með Steinunni, kveiktist þá oftár jag milli bændanna sem lengi varði. Heitingaryrði eða áflog vissi ég ekki að þar færu fram en slæm og piktuleg orð mörg. Bjarni var líka orðinn lakari við konu sína þá leið veturinn en hann var vanur og hvort tveggja hjónanna skyldu rúmið. Guðrún heitin lagði jafnan fá orð í deilurnar en kvartaði um samdrátt Bjarna við Steinunni. Og það sagði hún mér oft að Steinunn spillti honum við sig.

Upp á þá 2ra: Þá var ég búinn í fjósinu um morguninn hljóm ég inn á loft að borða úr askinum mínum, sá ég þá engan nema<sup>31</sup> börnin og Málfríði sem öll voru uppi á lofti, en skömmu síðar heyrði ég að Jón heitinn og Steinunn voru eitthvað að þrasa í dyrunum, en ekki vissi ég um hvað, og heyrði ei heldur orðaskil nema Jón sagði: Þú hrast mér eða því hrastu mér? En Steinunn sagði nokkuð hærra: Því skrökvar þú, hvað hratt ég þér? Meira heyrði ég ekki og ei sá ég eða leit á viðskipti þeirra.

Upp á þá 3ju: Jú á honum hneykslaðist ég. Því oft sá ég og vissi að Bjarni og Steinunn stóðu ein saman innan um börnin í skotunum og úti þá rökkvaði og hitt fólkíð sat inni á lofti eða svaf í rökkrunu og gleðilega töluðu þau saman enn hvort þeirra við annað, en ei sá ég að þau hefðu holdlegt samræði eða svæfu saman.

Upp á þá 4ðu: Morguninn sem Jón heitinn hvarf kom ég til hans í fjósið hvar hann var að peningsgjöfum og töluðum við þá ekkert merkilegt saman og ekkert sem ég man nema hann gerði ráð um að sækja vatn handa kúnum í ána á fjörunni í dag, því heima var tekið fyrir vatn í henni af fönn og frosti og þar eftir að ég sá hann gekk út úr fjósinu sé ég hann aldrei en heyrði til hans þar sem ég nálega sagði hér frá til svars upp á aðra spurninguna.

Rétturinn spurði hann:

a) Heyrðir þú ekki Jón gera ráð fyrir að ganga inná hlíðar og í Skor?

Hann svarar: Nei það hafði heldur engum manni tíað því vetrarfærðin sem þá var og hlíðarnar voru með öllu ófærar.

b) Heyrðir þú þá ekki aðra segja að hann ætlaði inn í Skor?

Hann svarar: Ekki nema Bjarna sama daginn og Jón dó.

c) Var Jón enn fær eða fús að ganga í hættur?

---

<sup>30</sup> Bls. 31

<sup>31</sup> Bls. 32

Hann svarar: Jón heitinn var bæði ragur og ófær.

Upp á þá 5tu: Nei, en óánægju sinni lýsti hann við mig yfir Bjarna og Steinunni.

Upp á þá 6tu: Nei

Upp á þá 7du: Nei

Upp á þá 8du: Ég heyrði sagt að<sup>32</sup> Bjarni hefði gert ráð fyrir að leita Jóns og farið af stað en ekki vissi ég til þess fyrr en Bjarni kom aftur og sagði mér sem öðrum að Jón heitinn hefði í dag á Hlíðar gengið og hefði hann farið að leita hans en ekki fundið, en séu rök til að hann myndi hafa hrapað í Rauðuskriðu.

Upp á þá 9du: Aldrei upp frá þeim degi, ef Bjarna og Steinunni, svo ég heyrði en Guðrún heitin og Málfríður töluðu nokkrum sinnum um dauða Jóns heitins.

Rétturinn spyr Jón:

a) Vissir þú til að Steinunn gerði Jóni roðskó þennan dag eða að Jón bæði um þá?

Hann svarar: Nei hvorugt.

b) Grunaði þig ekki að Bjarni mundi nú hafa myrt Jón heitinn?

Hann svarar: Nei, ekki fyrr en ég heyrði það kvisað í sumar.

c) Hver heldur þú að hafi komið upp með það?

Hann svarar: Það veit ég ekkert.

d) Trúðir þú því þá?

Hann svarar: Ekki trúði ég því.

Upp á aktors 10du: Ekki var henni illt með jafnaði nema einu sinni eða tvisvar þá hún kvartaði lítið um verk fyrir brjóstinu en hér um Krossmessubil fékk hún eitt kvöld óvenju mikla uppsölu.

Upp á þá 11tu: Það get ekkert sagt um nema það sem hún sagði mér sjálf um morguninn eftir, þá ég eftir beiðni hennar sótti henni að drekka, þá sagði hún: Nú held ég að það hefði átt að sálga mér í gærkveldi með því sem mér var gefið í grautum sem Steinunn gaf mér, það var að finna sem sandur á botninum. Fleira talaði hún ekki og ekki spurði ég hana fremur.

Upp á 12tu: Já um kvöldið þá ég kom inn sat hún uppi og sýndist mér hún heilbrigð.

Upp á 13du: Það veit ég ekki annað en Guðrún sagði mér og ég nú greini og ekki veit ég til að þau hafi sýnt henni önnur banatilræði nema ef þetta hefur verið það.

Upp á 14du: Nei öldungis<sup>33</sup> ekkert veit ég til þess því þegar Guðrún heitin dó var ég löngu kominn í ver og kom aldrei að Sjöunda úr því.

Loks spyr rétturinn Jón Bjarnason: Hvar var Steinunn þá Jón heitinn dó?

Skömmu eftir það ég heyrði til þeirra í bæjardyrnum kom Steinunn inn á loft og settist við ullarvinnu og sat þar þangað til ég, lítilli stund seinna, fór út, og ei fór hún þá ofan, og meira veit ég ei af því.

Rétturinn spurði hann þá að hvort hann gæti ekki greint fleira til upplýsingar og minnti hann á eið sinn. Hvar Jón svaraði:

Nei.

Var svo þessi hans svör og framburður upp lesinn og af honum samskinnaður. Gekk hann þá burt að réttarins boði svo sem hvorki aktor eða defensor sögðust hafa neitt frekar að spyrja hann að.

---

<sup>32</sup> Bls. 33

<sup>33</sup> Bls. 34

## Málfríður Jónsdóttir yfirheyrð

Í hans stað innkölluð Málfríður Jónsdóttir sem var vinnukona á Sjöundá í fyrra vetur. Framsetti svo rétturinn eftir aktors beiðni þar sömu spurningar fyrir hana sem hann framlagði fyrir Jón Bjarnason.

Upp á þá fyrstu: Ósamlyndi milli beggja hjónanna og bændanna óx eftir því sem á leið veturinn. Báðir skyldu bændurnir rúm við konur sínar og gáfu rúmprengsli til orsaka mikið jag og slettur gengu þar á víxl, en orsökina til misklíðanna á allar síður var samdráttur Bjarna og Steinunnar, og hans meðhald með henni, með hvað bæði Jón og Guðrún voru óánægð, áflog og heitingaryrði vissi ég ekki til að fram færu nema einu sinni heyrði ég Bjarna segja við Jón: það er illt að Steinunn skuli lengi mæta skömmum úr þér. Sagði þá Jón: að hann hefði ei ásett að vera svona annan veturinn. Fleiri merkileg atvik eða orð man ég ei.<sup>34</sup>

Upp á þá 2ra: Ekki svo ég muni eða yrði vör nema ég heyrði eitthvert þras en engin orðaskil til Jóns og Steinunnar fram á bæjardyr um daginn sem Jón dó, en ekkert sá ég því ég sat inn á lofti hjá börnunum og Guðrúnu heitinni.

Upp á þá 3ju: Jú, það þóttist ég merkja af viðmóti þeirra að þau elskuðust því oftast þegar annað þeirra gekk ofan á vökunni fór hitt líka og voru þau þar lengur niðri en annars og stundum varð ég þess vör að þau hefðu hljóðskraf fram í skotunum á bænum og líka af þeirri fæð sem var milli hjónanna af þessu.

Upp á þá 4rdu: Um morgun fór hann snemma á fætur og kom inn aftur og bauð góðan daginn. Fór svo aftur ofan til snúningsverka og eftir það sá ég hann aldrei en heyrði orðróm hans í dyrunum í þrasi við Steinunni eins og ég vitnaði nú.

Upp á þá fimmtu: Nei það gerði hann aldrei.

Upp á þá 6tu: Nei

Upp á þá 7du: Nei

Upp á þá 8du: Já, því Steinunn sagði sé lengjast að hann Jón sinn kæmi ekki af Hlíðunum og bað Bjarna að leita Jóns.

Rétturinn spurði hana:

A) Heyrðir þú þá Jón gera ráð fyrir að ganga á Hlíðarnar?

Hún svarar: Nei, Bjarni og Jón töluðu oft um hvernig þeir myndu geta ná heyi sínu úr Skor og töldu það jafnan ómögulegt þar Hlíðarnar voru ófærar en þennan dag kom Bjarni inn þá hann var búinn að láta út kindurnar og sagði að hún hefði Jón gengið neðan á Dal inná Hlíðar til að vita hvort þær væru færar eða ekki og hafði hann lánað Jóni stafinn sinn.

B)Veistu ekki til að Jón bæði Steinunni um roðskó eða hún gjöri honum þá þennan dag?

Hún svarar: Nei.

Upp á þá 9du: Aldrei af Steinunni eða Bjarna nema þá hann kom aftur, sagðist hann hafa sé merki til að Jón hefði hrapað.

Upp á þá 10tu: Á fimmtudaginn 1sta<sup>35</sup> fór ég frá Sjöundá vistferlum að Gröf og get ég því ekki um það borið nema hvað ég heyrði að Guðrún heitin hefði fengið sterka uppsölu ½ mánuði eftir.

---

<sup>34</sup> Bls. 35

<sup>35</sup> Bls. 36

Og sama svaraði hún upp á 11., 12., 13. og 14. spurningarnar.

Meðdómsmennirnir og aktor sögðust vita að Málfríður hefði farið að Gröf til til vistar í vor. Rétturinn spurði hana innilega aftur hvort hana grunaði ekki að Bjarni hefði myrt Jón heitinn og svaraði hún: Nei.

Víðar var Málfríður Jónsdóttir af réttinum áfýst að segja meira sökinni til upplýsingar og áminnt um sinn eið og sagðist hún ekki vita fleira og svo sem aktor og defensor sögðust ei geta spurt hana frekar, las rétturinn upp fyrir henni þennan framburð hennar sem hún samsinnti. Að henni burt genginni kom inn þriðja vitnið Björg Einarsdóttir, gift kona.

### Björg Einarsdóttir yfirheyrð

- 1) Hvað veistu um ósamlyndi milli hjónanna og bændanna á Sjöundá í fyrravetur eða um orsök til þess?
- 2) Hvað veistu um dauða Jóns heitins Þorgrímssonar?
- 3) Veistu engin rök eða líkindi til þess að Jón heitinn hafi verið myrtur af Bjarna eða öðrum?
- 4) Hvað veistu um dauða Guðrúnar Egilsdóttur?
- 5) Veistu engin rök eða líkindi til að Guðrún heitin hafi verið myrt af Bjarna manni sínum eða Steinunni Sveinsdóttur eða hún hafi sýnt henni banatilræði?
- 6) Lýstu þau Jón og Guðrún heitin engu við þig í fyrravetur eða stuttu fyrir sinn dauða um sinn ótta eða ófornægju við Bjarna og Steinunni eða um<sup>36</sup> þeirra illu atlot eða banatilræði við sig?

Þessum spursmálum voru öll af réttinum framflutt fyrir Björgu sem svaraði öllum frá 1-5 eins: Af því veit ég ekkert nema af ómerkilegum sveitarrómi sem í sumar hefur hér gengið að Bjarni og Steinunn muni hafa gefið Guðrúnu Egilsdóttur inn eiturog og af því muni hún hafa dáið. Og að hann Bjarni muni hafa orðið Jóni heitnum að bana en engin líkindi til hvorugs sem ég heyrð og allra síðara.

Til þess 6tu: Við Jón heitinn talaði ég ekkert í allan fyrravetur og engu lýsti hann við mig. Þar um bil í annarri viku einmánaðar í fyrravetur kom ég inn að Sjöundá og inn á loft til Guðrúnar heitinnar. Fór hún þá að tala um báginda - ástand sitt í því að Bjarni væri nú orðinn mjög vondur við sig og Steinunn engu minna. Þá segi ég: Því gefur þú það ekki yfirvöldum til kynna. Hún svarar: Það þori ég ekki því mér hefur verið hótað að ef ég segi frá því opinberlega skyldi það kosta mitt líf. Bað hún mig þá að hafa ei hátt því hún væri hrædd um að einhver stæði á hleri undir loftinu því það hefðu verið brúkað hér í vetur þá sjaldan einhver hefði komið til sín. Nokkru eftir fór Guðrún út að Saurbæ og kom við hjá mér inn á leið, sagðist hún þá ei mega tefja því sér hefði verið skipað að koma aftur í kvöld eða hún þyrfti aldrei að koma þangað og lagði það til að tærin sem hún hefði fellt í vetur myndu koma einhvers staðar fram. Ekkert fleira töluðum við sem ég man um þetta efni og aldrei sá ég hana úr því lifandi og ekki veit ég að henni hafi verið sýnt banatilræði.

Rétturinn spyr hana:

- 1) Hvern sagði Guðrún að hefði hótað sér að það skyldi kosta hennar líf ef hún opinberaði sín bágindi?

Hún svarar: Enga<sup>37</sup> greindi hún hvorki til þess eða annars en ég þóttist vita að hún meinti Bjarna og Steinunni.

- 2) Kistulagðir þú ekki Guðrúnu heitna?

Hún svarar: Já

---

<sup>36</sup> Bls. 37

<sup>37</sup> Bls. 38

3) Sástu þá ekkert á líkamanum?

Hún svarar: Nei því ég skoðaði það ekki svo sem hún þá var ífærð líkklæðum.

Meira þóttist hún ekki geta borið í þessari sök enn þó hún þar til væri áfýst og áminnt um sinn eið af réttinum. Var þá þessi hennar framburður fyrir henni upp lesinn og af henni að nýju samsinntu og ekkert sögðust aktor eða defensor hafa fleira að spyrja hana um. Var hún þá látin burt ganga frá réttinum og innkallað 4ða vitnið Gísli Bjarnason.

## Gísli Bjarnason yfirheyrður

Vitnið Gísli Bjarnason giftur Jarprúði Jónsdóttir og þær sömu spurningar fyrir hann lagðar af réttinum.

Til þeirrar 1tu: Um það veit ég alls ekkert

Til þeirrar 2rar: Ekkert annað en það sem Bjarni sagði mér, að hann hefði hrapað af Skorarhlíðum þá hann hefði ætlað að sækja hey á Skor fimmtudaginn annan í einmánuði.

Upp á þá 3ju: Engin rök eða líkindi veit ég til þess nema síðan Jón rak og fannst að vera óbeinbrotinn, hefur mér þótt ólíklegt að hann hefði hrapað af Hlíðunum því klettarnir eru víðast mjög háir en urð eða harðir móskaflar alls staðar fyrir neðan.

Upp á 4ðu og 5 tu spurningarnar svarar hann: Um það veit ég ekkert.

Upp á þá 6tu: Rúmri viku áður en Jón heitinn dó fann ég hann litla stund heima hjá sér og lét hann mig ráða í að hann væri óánægður að vera þar lengur, ei man ég með hverjum orðum og sagðist hann ekki kenna það Bjarna meira en Steinunni, var þá Jón venju daufur, fleira töluðum við ekki um það og engu lýsti Jón við mig frekar.<sup>38</sup> Sunnudaginn 1sta í sumri mætti ég Guðrúnu heitinni á ísnum fyrir framan Mávaberg er hún var þá á heimleið frá Bæjarkirkju en ég fór út á Miðsand. Töluðum við þá orð um harðindi og fjárfelli. Segir hún þá: Mér mun ekki tjá að tefja því mér var skipað að koma heim í kvöld eða aldrei. Spurði ég hana þá hvort Bjarni hefði sagt það við hana og svaraði hún: Að bæði hann og Steinunn hefðu sagt sér það því þar væru öll ráðin sem hún væri og svo kvöddumst við og eftir það sé ég hana aldrei lifandi. Þá sjaldan ég kom að Sjöundá í fyrravetur var hún sorgbitin að sjá en ekkert talaði ég við hana og engu lýsti hún frekar við mig. Meira kveðst Gísli ekki geta sagt eða borið í sökinni af réttinum, áminntur um sinn eið. Var svo þessi hans framburður fyrir mönnum upp lesinn og af honum samsinntur. Að honum út gengnum inn kom fyrir réttinn kona hans Jarprúður Jónsdóttir.

## Jarprúður Jónsdóttir yfirheyrð

Sem var spurð öllum sömu spurningunum. Svarar upp á þá 1tu, 2ra, 3ju og 4ðu: af engu öllu þessu hef ég ekkert formerkt.

Upp á þá 5tu: Ekkert annað en Guðrúnar heitinnar lýsing við mig.

Upp á þá 6tu: Ég kom inn að Sjöundá sunnudaginn annan í sumri og var þá Guðrún einsömul heima hjá börnunum en Bjarni og Steinunn við kirkju í Bæ, ég fór til Guðrúnar. Og eftir lítið samtal í okkar eigin sökum segir hún: Nú var ég nærri farin á fimmtudagskvöldið. Hvernig? Spyr ég. Ég fékk uppsölu

---

<sup>38</sup> Bls. 39

í mesta lagi, segir hún. Af hverju? Spyr ég grunlaus. Hún segir ég þori ekki að segja þér frá því, ég veit ekki nema þau komi frá kirkjunni og komist að því. Ég segi: Við<sup>39</sup> skulum þá fara fram í dyrnar því þaðan má sjá hvenær þau koma sem við og gjörðum. Þar sagði hún mér: Kvöldið áður gaf Steinunn mér vatnsgraut í ausu frammi í búrdyrum hennar sem ég át. Á botninum fannst mér vera eitthvað smátt, líkast sandi, glært og fann af því remmubragð þá ég renndi því niður. Um þetta kvartaði ég fyrir Steinunni. Hún sagði það orsakast af því að potturinn sem grauturinn hefði verið gjörður í mundi ei hafa verið þveginn vel innan síðan um daginn, að reknu lúðurnar hefðu verið soðnar í sama potti, og hefði hann því verið söndugur síðan. Ég spyr hana þá: Hefur verið nokkuð banvænt í grautnum. Hún svarar: Grun hefði ég á því að þetta hafi orsakað þá miklu uppsölu sem ég þá fékk um nóttina og strax sem ég var búin að et úr ausunni stakk mig verkur fyrir brjóstið. Í þessu sjáum við til Bjarna og Steinunna á ísnum, fór ég þá af stað og við töluðum því ekki fleira og engu lýsti hún við mig frekara. En við Jón heitinn talaði ég aldrei í allan fyrravetur, ég var honum ókunnug. Meira kveðst hún ei geta borið í þessari sök af réttinum frekar innt og minnt á sinn eið. Var svo hennar andsvör og vitnisburður fyrir henni upp lesinn sem hún játaði rétt innfærðan. Var hún því út látin og aftur innkallað 6ta vitnið Guðmundur Einarsson vinnumaður, öllum hér óskyldur.

### Guðmundur Einarsson yfirheyrður

Fyrir hvorn rétturinn lagði eina eftir aðra af fyrrgreindum vitnaspurningum.

Upp á þá 1tu svarar hann: Ekki veit ég hið minnsta um það og sagðist enga upplýsing geta gefið á innihaldi 2ar, 3ju, 4du og 5tu spurninganna svo sem hann hefði aldrei komið að Sjöunda í 2 ár síðustu<sup>40</sup> og sitt heimili væri þaðan fjarlæggt og frammar aðspurður um sama og minntur á sinn eið sagðist hann ekkert geta sagt eða tilvitnað um téðra spursmála andsvör og úrlausn og bætt því við að nálægðar meðdómsmenn viti að sínar afbatanir séu sannar á hvoru þeir samsinntu honum.

Upp á 6tu spurninguna svarar hann: Á þriðjudagskvöldið í föstu inngang kom Jón heitinn að Stökkum hvar ég og var staddur. Ég spurði hann að fyrra bragði hvernig honum félli á Sjöunda og svaraði hann mér: Ég tala ei neitt um það, en þaðan vildi ég, svaraði hann, með 2 börnum mínum, og er mér kærast að sjá þaðan engan frammar. Ég spurði hann einskis frammar og engu lýsti hann við mig frekar hvorki í það sinn eða annað. Guðrúnu heitna fann ég alls einungis í snöggbráð árið sem yfir stendur, á flötinni fyrir utan Kirkjuhvamm. Það var á sinni parti Góu sem hún hafði komi út að Bæ og var á heimleið. Bað hún mig þá að koma inn eftir og taka sér blóð við bakverk til þess sagðist ég ekki komast vegna peningsverka sem ég hefi á hendi, síst í svo stíðri veðráttu en ef hún vildi snúa til baka út á Bæ og vera þar í nótt skyldi ég koma til hennar á morgun. Það sagðist hún ekki þora, því sér hefði verið bannað að tefja því Bjarni og Steinunn héldu þá hún myndi bera út sínar athafnir, og þau hefðu hóttað sér að ef hún segði frá þeim skyldi það kosta sitt líf. Þá er það satt sem skrafað er að þau séu farin að draga sig saman, segi ég. Og engu lýsti hún við mig öðru eða frekar.

Þessi hans vitnisburður var fyrir honum<sup>41</sup> upplesinn sem hann játaði með öllu rétt inn færðan, var hann því látinn burtu ganga og fyrir réttinn inn kallaður 7. vitnið, Jón Jónsson giftur bóndi

---

<sup>39</sup> Bls. 40

<sup>40</sup> Bls. 41

<sup>41</sup> Bls. 42



## Jón Jónsson yfirheyrður

og af réttinum spurður sömu spurningum einnar eftir aðra. Við sérhverja af greindum spurningum sagði hann: Um þetta veit ég ekkert og ekkert get ég borið í þessari sök, ég hefi aldrei að Sjöundá komið næstliðin 2 ár, aldrei á tilteknum tíma við Guðrúnu heitna talað en séð hana einungis við kirkju, en Jón heitinn kom til mín að Stakkadal viku áður en hann dó og falaði hjá mér að taka sig í húsmennsku með tveimur börnum í vor, hvað ég vegna fátæktar og húsrúmsleysis afsagði. Ég spurði hann því hann vildi fara frá Sjöundá og svaraði hann mér ekki öðru en því að hann vildi þar ekki vera en konan sín vildi ei fara burt með sér og yrði það þeirra skilnaður. Fleira sagði Jón heitinn ei við mig.

Rétturinn minnti hann á sín hér aflagða eið og spurði hann að: Veistu ekkert annað þessari sök til upplýsingar?

Jón svarar: Nei sjálfur hefi ég ei fleira formerkt, nema þær tilgátur sem kveikst hafa, ei veit ég af hverjum sökum, að Guðrún heitin hafi verið drepin af eitri og Jón heitinn hafi líka myrtur upp á einhvern annan máta, sem menn nú heflur fullyrða síðan sú hola sem skal hafa fundist á líkinu er hest eignuð stungu af mönnum. Þá hann hafði samsinnt þessum orðum sínum fyrir honum af réttinum upp lesna framburði var hann burtu látinn. Þar næst kom fyrir réttinn hans kona 8da vitnið Guðrún Jónsdóttir.

## Guðrún Jónsdóttir yfirheyrð

Ög af réttinum spurð að sömu spurningum.<sup>42</sup> Uppá 1tu, 2ra, 3ju, 4ðu og 5tu spurningarnar svarar hún: Um allt þetta veit ég ekkert, og get því ekkert af eigin sjón eða heyrn úr þeim leyst.

Upp á 6tu: Við mig lýsti Jón heitinn engu um sitt ásigkomulag á Sjöundá, þangað kom ég einu sinni í allan fyrravetur og fann Guðrúnu heitna snöggvast, sagði hún mér að hún hefði ekki átt við bágan kost að búa að hún myndi fyrr en í vetur, og væri það meira að kenna Steinunni en Bjarna því hún hefði ginnnt hann frá sér og spillt honum við sig. Ég spurði hana einskis og ekkert talaði hún við mig fleira eða greinilegar þessa sök, þetta skeði sunnudaginn í mið Góu.

Svo sem nú áfýst af réttinum og minnt á sinn eið ekkert sagðist hún frekar geta upplýst þessa sök, var þessi hennar vitnisburður upp lesinn og af henni samsinntur. Að henni út genginni inn kom fyrir réttinn vitnið Rögnvaldur Ólafsson

## Rögnvaldur Ólafsson yfirheyrður

giftur og bóndi og fyrir honum, eins og þeim 6 næst undan afheyrðum vitnum, af réttinum upp lesnar og ítrekaðar þær að framan innfærðu 6 spurningar.

Viðvíkjandi þeim 5 fyrstu spurningum kvaðst hann ekkert geta svarað eða borið til upplýsingar.

En upp á þá 6tu svarar hann: Jón heitinn kom til mín seint á þorra og sagðist hann þá vilja brjótast frá Sjöundá í vor, hann kynni þar aldrei við sig, en hún Steinunn kynni þar betur við sig. Er þér ekki gaman núna Jón minn? Hefur þú ekki tekið heima? segi ég. Jón svaraði: Mér er full alvara. Fleira töluðum við ekki um þetta og engu lýsti hann frekar við mig. Við Guðrúnu heitna talaði ég á Sjöundá rétt um sumarmálin og sagðist hún hafa átt mikið bág í vetur, hún hefði ei mátt tala orð við nokkurn utan bæjar<sup>43</sup> mann fyrir þeim Bjarna og Steinunni, og það sagðist hún vita að þau gilti einu þótt hún

---

<sup>42</sup> Bls. 43

<sup>43</sup> Bls. 44

færi bráðum sama veg og Jón heitinn. Í þetta sinn talaði hún ei meira við mig en þá ég kom aftur þangað heim 9 dögum síðar, sagði hún mér að sér hefði verið gefið eitthvað skaðlegt inn í graut af Steinunni af hverju hún sagðist hafa fengið ofboðslegustu uppsölu og Guð einn vissi hvort sér mundi batna það aftur fyrir en í einu og þótti ég merkja að hún var mikið óttaslegin því ég spurði hana hvenær og hvernig þetta hefði skeð. Og ansaði hún mér engu og roðnaði en ég fór þá strax á stað, heldur núgdeigur, en þó ég ekki geti sagt frá: Hvernig eða af hverju ég fékk snert af ótta.

Rétturinn spyr hann: Var þér þar voði sýndur eða þóttist þú merkja vilja hjá nokkrum að gjöra þér mein?

Hann svarar því: Þar frá fríkenni ég nú alla menn.

Meiri upplýsing kvaðst hann ekki geta gefið í þessari sök. Var hann því látinn út ganga frá réttinum að heyrðum og samsinntum þessum sínum vitnisburði. Þarnæst kom inn fyrir réttinn 10da vitnið Ingibjörg Egilsdóttir

### Ingibjörg Egilsdóttir yfirheyrð

Kona Rögnvaldar, systir Guðrúnar heitinnar Egilsdóttur. Við hana brúkar rétturinn öll fyrrgreind vitnaspursmál á sama hátt og við þau áheyrðu vitni, og svara hún:

Upp á það 1st: á hreppsskiladaginn í fyrrahaust kom ég að Sjöunda og fann Guðrúnu systur mína uppi við hlöðu að hirða um eldivið. Hún fylgir mér snöggvast í bæinn og gefur mér að drekka, í þessu kemur Bjarni og veður með stóryrðum og miklu reiðiþrasi upp á hana, fyrir að hún svíkist um að taka saman eldiviðinn. Hún svarar þýðlega og hljóp<sup>44</sup> hann þá út aftur, ályktaði ég svo af þessu að hann væri orðinn venju lakari við hana svo sem ég að undanförunu vissi til að hann var henni góður, fór ég svo í burtu og veit ekkert frekara um ósamlyndi eða orsök til þess nema hvað sumir hafa sagt mér að Steinunn hefði spillt honum við hana síðan í fyrravor að hún þangað kom.

Til 2arar, 3ju, 4ðu og 5tu spurgsmálanna svarar hún: Um allt þetta veit ég ekkert og ei hefi ég við mína formerkt um það nema af sumra tilgátum sem allt er til þess að Jón heitinn rak og þá mættu heita óeftirhafandi.

Í anledning af 5ta spurgsmálinu spyr rétturinn hana:

- a) Varstu ekki við kirkjuna þá Guðrún heitin var grafin?
- b) Skoðaðir þú ekki líkið?
- c) Sástu engin merki á því til þess að manneskjan myndi hafa dáíð af manna völdum?

Hún svaraði til 1tu spurningarinnar: Jú

Til 2ar: Jú

Til 3tu: Frábrugðið sá ég á því bláma á ofanverðu brjóstinu en ekki hafði ég vit á því hvort það væri af mannavöldum eða ei, síst þá mér skýrari sögðu að það mætti orsaksast af verk og menn ættu ekki að þenkja það versta, þegar menn gætu annað með grundvelli.

Hún aðspurð hver hefði þetta sagt, hvar og hvenær?

Prófasturinn Jón Ormsson í Bæjarkirkju því hann lét slá upp kistuna og skoða líkið á Trinitatishátíð (13. Júní).

---

<sup>44</sup> Bls. 45

Til 6ta spurgsmálsins svarar hún: Nei, því Jón heitinn sá ég einungis einu sinni í allan fyrravetur þá hann seint í þorra kom á mitt heimili og talaði ég því ekkert við hann eður hann við mig um þetta. En Guðrúnu sá ég aldrei lifandi eftir hreppsskiladaginn í fyrrihaust og kunnir hún því engu við mig lýsa.<sup>45</sup>

Frekari upplýsingu á þessari sök sagðist hún ei geta gefið undir sinn eið, var því þessi hennar framburður fyrir henni upp lesinn og af henni játaður rétt inn færður. Að henni útgenginni inn kom fyrir réttinn 11. vitnið Guðrún Bjarnadóttir.

### Guðrún Bjarnadóttir yfirheyrð

Sem af öllum vitnaspurningum svarar þeim 1.tu, 2ari, 3ju, 4ðu og 5t af þessu veit ég ekkert, get því ekkert um það vitnað því að Sjöundá hefi ég ekki komið í heilt ár og við engan þar af bæ um þetta talað nema einu sinni við kirkju í vor við sjálfa Guðrúnu heitna.

Framfærði rétturinn 6ta spurgsmálið og svarar hún svo: Um prédikunina þann sunnudag kom Guðrún heitin ásamt Bjarna og Steinunni gekk til altaris, sem ég ei til vissu man hvort 3ja eða 4ða eftir páska, gekk ég út úr kirkjunni og kom Guðrún heitin eftir mér. Ég spurði hana hvort henni batnaði því ég hafði heyrt hún hefði lengi sterka uppsölu og verk í vor. Hún svarar: Og það batnar mér en maðurinn er orðinn mér svo afundinn og fálátur og ég held hann myndi einu gilda þó ég gengi út í voða. Ég spurði þá að: Hvernig er Steinunn við þig? Hún svarar: Síðan mér varð illt er hún mér nógu góð en hún er búin að spilla mannum sem mér fellur þungt. Meira töluðum við ekki og engu frekar lýsti hún við mig þá eða um daginn. En Jón heitinn sá ég aldrei í fyrravetur.

Meira sagðist hún ei geta vitnað í þessari sök og var svo hennar upplesinn framburður af henni samsinntur. Að henni útgenginni kom inn fyrir réttin 12. vitnið, Jón Pálsson.

### Jón Pálsson yfirheyrður

Og framsetti rétturinn fyrir hann fyrirtéðar spurningar eina eftir<sup>46</sup> aðra og svarar hann til 1tu, 2rar, 3ðu og 4ðu spurninganna: Um allt þetta get ég ekkert sagt eða vitnað því mitt heimili er sem nálægum er kunnugt þingmannaleið [ca 37 km] full frá Sjöundá.

Til 5tu: Engin rök veit ég til þess að þau hafi myrt hann nema grunsemd mína sem orsakaðist af: Þann 10. sunnudag eftir Trinitatis [22. ágúst 1802] kom ég til kirkju að Saurbæ. Þar var Bjarni og talaði ég við hann um að menn héldu að Steinunn hefði gefið henni eitur í vatnsgraut og af því mundi hún hafa dáið. Þá svaraði Bjarni: Ekki dó hún af því, henni batnaði það aftur. Nú þegar ég vildi inna hann betur eftir því fór hann að þræta með upptekinni hörku. Af þessu ályktaði ég að þar hann sagði henni hefur batnað það aftur, sé myndi einhver tilraun með hans vitund hafa verið gjörð til að myrða hana með inngjöfni.

6) Við Jón heitinn talaði ég aldrei næstliðið ár en við Guðrúnu heitna seinast á áliðnu sumri og sagði hún þá við mig: Ég vildi þú værir í standi til að frelsa mig frá Sjöundá því það hefði ég lengstum haldið að maður minn myndi ekki berja eða draga mig á hárinu. Ég svaraði henni: Að það geti ekki skeð en henni væri best að kvarta um það fyrir prófastinum. Fleiru lýsti Guðrún heitin ekki við mig og fleira get ég ekki borið í þessari sök.

Var þá hans framburður fyrir honum upp lesinn og af honum samsinntur hvar hann gekk í burtu.

---

<sup>45</sup> Bls. 46

<sup>46</sup> Bls. 47

## Jón Bjarnason, Gísli Bjarnason, Jarprúður Jónsdóttir og Guðrún Bjarnadóttir yfirheyrð saman

Til að finna glögg tífina á hverri Guðrún fékk uppsöluna, sem megast að orsakaðist af einhverju skaðlegu sem Steinunn gaf henni í graut eftir Guðrúnar sjálfrar lýsingu við Jón Bjarnason og Jarprúði Jónsdóttur, sem og að hefja það sem sýnist stríðandi í andsvörum þeirra Gísla<sup>47</sup> Bjarnasonar og núnefndrar Jarprúðar, nefnilega að hann hefði mætt Guðrúnu heitinni á heimferð frá Bæjarkirkju 1. sunnudag í sumri og að hún hefði fundið Guðrúnu heima því Bjarni og Steinunn voru við kirkju á Bæ 2. sunnudag í sumri. Uppá 6. spurninguna, það var messað á Bæ annan hvern sunnudag, sem og til að vitna hvenær Guðrún heitin með Bjarna og Steinunni var til altaris, vegna Guðrúnar Bjarnadóttur svar uppá sömu spurningu, lét rétturinn innkalla Jón Bjarnason, Gísli Bjarnason, Jarprúði Jónsdóttur og Guðrúnu Bjarnadóttur og konfrontaði:

1) Gísli og Jarprúði og Guðrúnu og fór að þeirra andsvörum, að Gísli hefði fundið Guðrúnu heitna á ísnum annan dag páska og að Guðrún heitin hefði til altaris verið fjórða sunnudag eftir páska sem staðfestist með prófastsins munnlegri sögn fyrir réttinum að hann hefði embættað í Bæ sem stæði greinda daga.

2) Jón Rögnvaldsson og Jarprúði og hann af þeirra lýsingum og samstemma svörum að Guðrúnu heitinni hafði orðið illt af grautum sem Steinunn gaf henni fimmtudaginn annan í sumri eða þann dag sem Jón heitinn dó, frá þeim tíma sem þú heyrðir þrasað milli hjónanna, þangað til Bjarni sagði að nú hefði Jón heitinn gengið Hlíðarnar? Hún svarar: Skömmu eftir að ég heyrði til þeirra kom Steinunn uppá loft og sat þar þann tíma, nema hún fór einu sinni ofan og kom strax aftur. Rétturinn lét innkalla öll ofan nefnd vitni og fram setur fyrir þau sameiginlega fylgjandi spurgsmál:

1) Vissuð þið til að Bjarni eða<sup>48</sup> Steinunn fengju eða ættu eitur í fyrri?  
Þar til svara öll vitnin: Nei.

2) Hvernig er Bjarni linntur?  
Jón Bjarnason, Málfríður, Ingibjörg og Jón Pálsson: við þekktum hann bráðlyndan, raungóðan og heimskan, en hin sögðust ei þekkja hann.

3) Vitið þið nokkur skemris-pör til hans?  
Öll vitnin svöruðu: Nei.

4) Hvernig er Steinunn lynt?  
Jón Bjarnason, Málfríður, Rögnvaldur, Jón Jónsson og Guðrún Bjarnadóttir: Hún er þéttlynd, spök og skýr kona. Hin sögðust ekkert þekkja hana.

5) Vitið þið nokkuð skemris-stykki til hennar?  
Öll vitnin: Nei

6) Hvor þeirra Jóns heitins eða Bjarna var sterkari eða fimari?  
Jón Bjarnason, Jón Jónsson, Gísli, Rögnvaldur, Jón Pálsson: Bjarni bar langt af Jóni í hvoru tveggja og hinn samsinntu því.

7) Hvenær fór Jón Bjarnason til vers?  
Jón svarar: Mánudaginn þriðja í sumri.  
Og það sönnuðu með honum Gísli og Rögnvaldur.

---

<sup>47</sup> Bls. 48

<sup>48</sup> Bls. 49

8) Kom hann þangað ei aftur?

Öll vitnin svöruðu: Ekki okkur vitanlega, því á vertíðarlokum fór hann til Árna á Láganúpi.

9) Hverjir voru heimilisfastir á Sjöundá eftir það Jón fór í verið?

Öll vitnin: Bjarni, Steinunn, Guðrún kona Bjarna og þeirra börn þrjú og fimm börn Steinunnar, alls 11.

Aktor og defensor af réttinum aðspurðir hvort þeir hefðu nokkuð frekar að spyrja vitnin, svöruðu:

Nei. Þar nú var dagsett var réttinum uppsagt til morguns.

Ut supra

G. Scheving  
J. Thorberg  
Þorgrímur Pétursson  
Ólafur Bjarnason  
Árni Þóroddsson<sup>49</sup>

## Réttarhöldum fram haldið 10. nóvember 1802

Að morgni þess 10. nóvember á sama stað og ár sem upphaflega greinir settist rétturinn að nýju og lét upphróa þau með stefnunnar öðrum pósti innstefndu og hingað til ókomnu vitni nefnilega Pál Kolbeinsson, Ingveldi Gunnlaugsdóttur, Margréti Guðmundsdóttur og Ólöfu Jónsdóttur og var engin þeirra til staðar og einkis þeirra löglega sönnuð forföll eru enn hingað send.

### Jón Ormsson prófastur mætir og leggur fram minnisblað

Eftir stefnunnar þriðja pósti mætir prófastur Jón Ormsson og fram leggur pro memoria af 8. þessa mánaðar undir sínu nafni sem var upp lesið og markað með **Litt. H.** og hljóðar svoleiðis:

Það kemur mér undarlega fyrir: Að ég er með stefnu innkallaður fyrir þennan rétt til að gefa vitnisburð pro officio um samlyndi alls Sjöundárfólksins þetta og næstliðið ár m.m. En þó þykir mér hitt undarlega, að ég er stefndur til að vitna um allt það, sem einhver viðkomenda hafði kunnað að auglýsa mér sem sóknarpresti í húsvitjun eða við annað tækifæri, er til sakarinnar upplýsinga tjena kynni, þar það getur hent sig, að einn prestur undir kallstöpun megji ekki auglýsa það sem honum er heimulega trúað fyrir. Samt af því ég álit það fyrir skyldu mína að gefa alla þá upplýsing í sökinni, sem ég get og má, gjöri ég það hér með góðviljuglega og hefði án stefnu gjört það hvenær sem rétturinn hefði þess óskað. Seint í fyrravetur nefndu meðhjálpararnir mr. Ólafur og mr. Þorbergur Illugason það við mig, að þeir hefðu heyrt, að ei væri svo gott samlyndi sem skyldi millum Sjöundárfólks. Ég tók eftir millum bændanna og hvorutveggja hjónanna. Sagði ég þá fyrrnefndum meðhjálpurum, að þeir skyldu rannsaka um þetta eftir sinni embættisskyldu og lagfæra, ef þeir gætu, hvað þeir létu þó hjá líða, afsakandi sig með<sup>50</sup> ég færi ekki með þeim hvar til ég treysti mér ekki án stórrar þjáningar í því vetrarríki sem þá almennt yfir gekk. Ég hafði nóg að komast gangandi á milli kirkjanna, þá sjaldan það gaf, þar ég var ekki einungis orðinn lúinn og aldraður heldur og frá því fyrir jól í fyrravetur frammar venju stirður í mínum annars bilaða fæti, sem margir til vissu, sérdeilis þeir sem þá voru mínir fylgdarmenn. Strax nefndra orsaka vegna gat ég ei heldur í fyrravetur gjört húsvitjun á Sjöundá né annars staðar utan alls einasta á nokkrum bæjum áður en mestu harðindin á féllu. Af fleirum en meðhjálpurum heyrði ég ávæni um það seint í fyrravetur, að ei myndi að öllu leyti gott samlyndi milli Sjöundárfólks. Þá fyrst heyrði ég og kvis um samdrátt Bjarna og Steinunnar, þó ei af nokkrum

<sup>49</sup> Bls. 50

<sup>50</sup> Bls. 51

heimilisföstum né öðrum, sem þar um gat verið vel kunnugt. Um hvorugt gat heldur Jón heitinn Þorgrímsson við mig, þá hann fann mig og talaði við mig í góðu tómi, viku áður en hann hvarf. En síðan hefi ég þó heyrt að hann í lifandi lífi hafi gefið öðrum skilningsyrði um hið fyrra. Á næstliðnu vori lá meiri orðrómur um samdrátt þeirra Bjarna og Steinunnar allt þangað til þau af sýslumanni eftir mínu undirlagi voru askilin í sumar, og síðan hefur hann líka sagt mér, að hann vildi ekta hana.

Í tilliti til þess þriðja stefnunnar pósts kann ég enga frekari upplýsing að gefa, en hvað oft nefndrar stefnu fjórða pósts, aðra og þriðju subdivision áhrærir, þá uppástend ég, að lög leyfi ekki, að ég fyrir þessu foro skuli líða tital og réttarins ályktun fyrir embættisskyldu forsómun, ef hún skyldi hjá mér finnast, hvar fyrir<sup>51</sup> ég prótestera hér að mæta eftir þessu stefnunnar atriði og óska að ég svo sem geistleg persóna með interlocatorio verði af þessum respektive héraðsrétti frátekinn frá að þola hér fyrir honum irettesættelser og dóm fyrir allar mínar sem sóknarprests aðgjörðir í þessu máli.

Sauðlauksdal 8. nóvember 1802  
Jón Ormsson

Hér uppá svarar aktor munnlega:

Að hann hafi ekkert að innvenda gegn herra prófastsins protesti móti því að líka ströffunardóm af þessum rétti og bendir þar upp á til stefnunnar að í henni standi útþrykkilega: Svo vítt lögin leyfa, sem bevísi, að það hafi ei verið sín meining en uppástendur þó, að rétturinn í því gjörandi interlocatorio eða dómnum gangi ei fram hjá með þögn þeirri prófastsins forsómun, sem að þessu hans innleggi eða vitnisburði og öðrum hans aðgerðum í þessu máli verði opinber.

### Skoðun prófasts á líki Guðrúnar

Hér uppá aflagðri rétturinn svolátandi interlocatorium:

Það í vitnisburð prófastsins herra Jóns Ormssonar innfærða prótest móti irettesættelser og dómi af þessum rétti gegn sér, en þótt að einhver forsómun af embættisskyldu í þessari sök kynni hjá sé að finnast viðrist réttinum samkvæmt geistlegra privílegis og dæmir því velnefnda prófastinn frían frá að líða dóm til straffs og sekta af þessum rétti fyrir forsómun á embættisskyldu, sem hjá honum kynni að finnast í þessari sök en ásetur þó í höfuðdómnum að geta um hana ef finnst og gefa hana til vitundar á viðkomandi stöðum. - Þetta interlocatorium var upp lesið í réttinum að prófastinum og aktor nærverandi og þögðu báðir.

Eftir stefnunnar fjórða pósti framlagði prófastur hr. Jón Ormsson í réttinn skriflegan vitnisburð eiðfestan undir sínu nafni um Guðrúnar heitinnar Egilsdóttur andvana líkama ásigkomulag þá líkið var af hans forlagi skoðað við Saurbæjarkirkju á næstliðinni trinitatishátíð (13. Júní) m.m. upplesti í réttinum var auðkenndur með **Litt: I** svolátandi:

“Eftir því ég er innstefndur fyrir þennan rétt til að gefa eiðfestan vitnisburð um Guðrúnar sál. Egilsdóttur sem var kona Bjarna Bjarnasonar á Sjöundá andvana líkama ásigkomulag þá líkkistan var að mínu forlagi upp slegin þá sver ég það og segi almáttugum guði: Að greindur líkami var, svo vítt ég sá og skoðaði hann, viðlíka á sig kominn og lík eru venjulega nema þetta kynni að sýnast frábrugðið: Að fyrir ofan hægra brjóstið uppundir viðbeinið var að sjá sem á holdið slægi nokkurs konar bláleitum farva líkt þeim bláma sem oft lætur í ljósi á andliti en þó sérdeilis vörum dauðvona eða framliðinna manneskja um þetta þreifaði ég nákvæmlega með hendinni og fann til einkis þota eða bólgu í holdinu. Það leit ei heldur eina út sem þar væri marið blóð undir. Það merkti ég þegar ég tók upp vinstri handlegginn af brjósti líksins að höndin var ei vel stirðnuð því hún vildi svo sem hanga niður, en hægri hönd og handleggur fannst mér nokkuð stífari. Kviðurinn var líkastur því sem konan

---

<sup>51</sup> Bsl. 52

hefði verið þunguð eða haft offylli, því hann var upp blásinn. Frekara kann ég ei hér um að vitna. Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans<sup>52</sup> heilaga orð.

Sauðlauksdal 10. Nóv. 1802  
Jón Ormsson

### Líkskoðunarmenn Guðrúnar; Sigmundur Jónsson og Ólafur Sigurðsson, yfirheyrðir

Þar næst voru innkallaðir fyrir réttinn Sigmundur Jónsson og Ólafur Sigurðsson sem að heyrðri eiðsútskýringunni sóru báðir þeim af réttinum fyrir stílaðan svo látandi eið: Það sver ég Sigmundur Jónsson, Ólafur Sigurðsson, og segi það almáttugum guði að ég skall segja allt það sem ég veit sannast og engu af leyndu um ásíðkomulag Guðrúnar heitinnar andvana líkama af prófasti Jóni Ormssyni og mér gjörskoðaðs á næstliðinni Trinitatishátíð og svara sannferðulega upp á það sem ég verð hér að spurður um þetta efni nú fyrir þessum rétti. Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga orð. Þar næst fram sagði Sigmundur að Ólafi út gengnum svolátandi vitnisburð um sína skoðun á líkinu og þess útliti:

### Lýsing Sigmundar á líki Guðrúnar

Þá ég gekk að líkkistunni sem stóð í Saurbæjarframkirkju, karlmannamegin, og var þá eftir prófastsins skipun uppslegin í hans og okkar Ólafs sama fjölda sóknarfólks nærveru, fletti ég ofan af líkinu til mittis og sá að blátt var frá viðbeini og ofan á hægra brjóstið. Ekki var þetta þrútið. Nú sá ég víðara að kviðurinn var upp blásinn og þrjár dreis blöðrur fyrir neðan brjóstin smára og svarbláleitar. Vinstri höndin var linstirðnuð og bláleit, fæturinir voru ogsá linir. Fleira sá ég ekkert frábrugðið á líkinu.

Rétturinn spurði hann að: Fékkstu ei grunsemi af þessu um að ríktið muni satt: Að Guðrún heitin hefði dáið af Bjarna völdum og Steinunnar?

Hann svarar: Víst þótti mér þetta undarlegt, en ekki hafði ég vit á hvernig þau lík líta út sem dæju af eiturinnngjöfum. Því svo gekk slaður.

Gastu þá ekki um þetta við prófastinn? Spurði rétturinn<sup>53</sup> Sigmund.

Jú, en prófasturinn sagði að blámi kæmi gjarnan á líkin þar sem stríður verkur hefði legið, hvar með ég sjálfur líkum óvanur og ókunnur lét mig sannfæra. Og missti grunsemi.

Að síðustu spyr rétturinn Sigmund: Af hverju hélstu það koma, að kviðurinn á líkinu var uppblásinn eða veist nokkur rök til að Guðrún heitin hafi þunguð verið þá hún dó?

Hann svarar: Ég hélt það orsakast af verk, því engin rök veit ég, eða hefi heyrt til, að hún mundi hafa ólétt verið. Frekari upplýsing um þetta efni kvaðst hann ei geta gefið undir sínum eið. Var því hans fyrirritaði framburður fyrir honum upp lesinn sem hann játaði rétt inn færðan.

Að Sigmundi út gengnum var Ólafur Sigurðsson inn kallaður fyrir réttinn

### Lýsing Ólafs á líki Guðrúnar

Sem um sína skoðun á líkinu og þess útlit bar svo látandi vitnisburð.

Strax sem Sigmundur hafði skoðað lík Guðrúnar heitinnar frá Sjöundá í Saurbæjarkirkju á Trinitatishátíð gekk ég að líkinu og skoðaði það. Sá ég ekkert frábrugðið á því nema bláma ofan til við

---

<sup>52</sup> Bls. 54

<sup>53</sup> Bls. 55



hægra brjóstið, þrotalausán dreir (?) bólur neðan til við bringuna, þrjár bláar, vinstri höndina lina og fæturnar. Af þessu fékk ég þó engan grun um illmælisins sannindi nefnilega að Guðrúnu myndi hafa verið gefið inn eitru af manni sínum eða Steinunni Sveinsdóttur, eiginkonu Jóns heitins Þorgrímssonar, sem henni mundi hafa dauða ollið. Því prófasturinn sagði: Að bláma slægi oft á lík þar hvar verkur hefði legið á manni lifandi fyrir sjálfu andláti til hvers ég sjálfur áður hafði vitað tvö dæmi.

Rétturinn aðspurði Ólaf líkt og Sigmund: Af hverju hélstu það koma, að kviðurinn á líkinu var upp blásinn eða veistu<sup>54</sup> nokkur rök til þess að Guðrún heitin muni hafa verið þunguð þá hún dó?

Hann svarar: Ekki veit ég til að Guðrún heitin hafi ólétt verið en rýmilegri orsök fyrir kviðarins uppþembings veit ég ekki heldur en verk eða það.

Fleira kveðst hann ei geta vitnað um þessa sök. Var svo þessi hans framburður fyrir honum upp lesinn og af honum samsinntur. Þar næst var prófastur Jón Ormsson inn kallaður af réttinum

### Jón Ormsson yfirheyrður

aðspurður: Hvaða röksemd færið þér fyrir því, að þér í yðar eiðfesta vitnisburði um Guðrúnar heit. Egilsdóttur líkama útlit, segið að kviðurinn hafi verið líkastur því sem konan hafi verið þunguð?

Hann svarar: Mín meining var, að kviðurinn á Guðrúnu heitinni hefði verið viðlíka upp þembdur og þungaðrar konu eða þeirrar sem haft hefði offylli, sem þetta orðatiltæki mitt á ekki að skiljast sem vitni, að konan hafi þunguð verið því um það hefi enga vitneskju fengið, hvorki fyrr eða síðar, hvorki af eigin skoðun né annarra sögn.

2) Sáuð þér ekki þrjár dreir bólur á líkinu fyrir neðan bringuna?

Hann svarar: Nei, en þó þræti ég ekki fyrir, að það kunni að hafa verið, því ég aðgætti það ekki svo nákvæmlega og í tilliti til þessara tveggja skoðunarmanna sem og Ingibjargar Egilsdóttur framburðar.

3) Sögðuð þér ekki að blámi á líkinu mundi líklega hafa orsakast af stríðum verk og að menn ættu heldur að álykta það svo sem betra þar menn gætu það með grundvelli, heldur en annað verra?

Hann svarar: Það fyrra man ég mig sagt hafa en ekki það síðara þó ég ei gjörþræti þess.

Eftir stefnunnar fjórða pósts annarri undirdeilingu fram leggur prófasturinn afbötunarseðil undir sínu og skoðunarmanna nöfnum að dag dato sem upplesinn í réttinum áteiknast með **Litt X** svolátandi:

### Skýrsla líkskoðunarmanna

P.M. það héldum við<sup>55</sup> undirskrifaðir og þóttustum sannfærðir um það eftir okkar aflögðum eiði þegar við þ. 13. júní næstliðinn skoðuðum lík Guðrúnar sál. Egilsdóttur, að hún hefði ekki af eitri dáíð, eins og slaðrið gekk, heldur líklega af sínum gamla verk fyrir brjóstinu, sem hún hafði oft að undanfögnu fengið. Ég Jón Ormsson lét kalla á allt fólkið sem við kirkjuna var áminnstan dag, til að vera við líksins skoðun og spurði það opinberlega að hvort okkur gæti gefið upplýsingu eða líklega ástæðu til þess að það kynni satt sem orðrómurinn sagði og hver er getið um dauðaorsök Guðrúnar sálugu, hvar til allir svöruðu annað hvort nei eða þögðu. Hálfbróðir hennar Bjarni Bjarnason á Lambavatni og hálf systir hennar Ingibjörg Egilsdóttir ásamt manni sínum, Rögnvaldi Ólafssyni, voru ogsá nálæg og óskuðu hvorki þau eða nokkur annar, að líkið mætti bíða ógrafið. Að senda eftir

<sup>54</sup> Bls. 56

<sup>55</sup> Bls. 57



kirurgó gjörðu allar kringumstæður öldungis ómögulegt, svo sem vegalengd, þrír langir og þá tíð vegna ófærðar óyfirfaranlegir fjallvegir, auk megurðar á fólki og besta gagntíma. Annars gaf ég þó þetta til kynna viðkomandi yfirvaldi með bréfi þann 21. s.m. sem fór frá mér að Skapadal þ. 28. s.m. til hvörs bréfs ég mig hér með referera og óska að það sem bílag fylgi prósessinum. Við uppástöndum því að við allir verðum af þessum rétti fríkenndir frá allri forsömun í þessu máli.

Sauðlauksdal 10. Nóv. 1802

Jón Ormsson, Sigmundur Jónsson Ólafur Sigurðsson<sup>56</sup>

Svo vel vegna prófastsins beiðni í strax upplesnum seðli, sem og til grundvallar fyrir í dómnum tilfærandi afbatanir fyrir lagaboði lengri drátt í málsins upptekt, framleggur konstitumeraður sýslumaður G. Scheving hið umgetna bréf frá prófastinum til sýslumannsins Davíðs Schevings af 21. Júní 1802 in originali í réttinn, sem var upplesið og markað með **Litt. L** svohljóðandi:

### Bréf prófasts til sýslumanns frá 21. júní 1802

Pro memoria. Jafnvel þó það, að minni hyggju, sé líklegast að Guðrúnu heitna Egilsdóttur á Sjöundá hafi ei annað til dauða dregið en sá veikleiki, sem hana þess á millum heimsótti þau síðustu ár, sem hún lifði, samt af því nóg kvis og íráðnungsyrdi mátti að ýmsum í sveitinni heyra um það að hún myndi af manna völdum (nefnil. Bjarna Bjarnasonar, ektamanns síns og Steinunnar Sveinsdóttur, eiginkonu Jóns heitins Þorgrímssonar á Sjöundá) dáði hafa þá lét ég áður en hún var jörðuð næstliðinn Trinitatis sunnudag, hreppstjórana Sigmundur Jónsson og Ólafur Sigurðsson slá upp kistuna og skoða líkið í minni viðurvist og flestra þeirra sem þá við kirkjuna voru hvar við þó enginn eftir mínu álitu rýmileg líkindi til sannleika þessa illmælis uppgötvuðust né heldur við mína eftirgrennslan í sama sinn um grundvöll til þessa sveitarróms. Þetta vildi ég ei undanfella<sup>57</sup> yðar velæðlaheitum til vitundar að gefa þar ei sýnist aldeilis ónauðsynlegt að þar um væri inkvisition haldin, ef prófast kynni, hvort þetta ríkti væri á nokkrum eða engum líkindum og rökum byggt. Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir þykjast og hafa orðið fyrir stórum órétti og mannorðsspilli að slíkt illmæli skuli vera að þeim saklausum dróttað.

Sauðlauksdal þann 21. Júní 1802

Jón Ormsson til sýslumanns D. Schevings.

### Eyjólfur Kolbeinsson kapelán kemur fyrir réttinn

Eftir stefnunnar fimmta pósti fram kom fyrir réttinn kapelán Eyjólfur Kolbeinsson og framlagði tvær skriflegar synsforretningar, báðar yfir sjórekið karlmannslík, fundið undir Bjarnarnefi í Bæjarlandi 26. september næstliðinn, var sú fyrri af sama dato gjörð og undirskrifuð af séra Eyjólf og fjórum skoðunarmönnum en sú síðari dateruð 1. október það ár gjörð eftir skriflegri skikkun kostitueraða sýslumanns Schevings af sömu mönnum, þær báðar á einu blaði upp lesnar nóteruðustu með **Litt. M** svohljóðandi:

### Skýrslur vegna sjórekis líks Jóns Þorgrímssonar og staðfesting þeirra fyrir dómi

“Anno 1802 þann 26. September sem var sá 15. Sunnudagur<sup>58</sup> eftir Trinitatis var kapelán Eyjólfur Kolbeinsson og að hans tilhlutan Þorbergur Illugason, Bjarni Pálsson, Bjarni Halldórsson, Guðmundur Einarsson nálægir í Saurbæ á Rauðasandi til að skoða það sjórekna karlmannslík, sem í dag fannst af kirkjufólki undir Bjarnarnesi í Bæjarlandi og fyrirfannst það vera svoleiðis á sig komið: Líkið var skaddað að skinni og holdi á höfðinu öllu, hvergi var það beinbrotið eða limlest, en misst hafði það hendur báðar og tær allar. Hóla var neðan til á hálsinum sem lá ofan undir hærra brjóstið svo víð, að vel mátti koma karlmannsfingri inn í hana. Hún var rannsökuð með tréspýtu og fannst þá vera ein

<sup>56</sup> Bls. 58.

<sup>57</sup> Bls. 59

<sup>58</sup> Bls. 60

fjórða alin íslensk að dýpt og lá sem áður er sagt í kringum hana nefnilega að neðanverðu og til hliðanna var skinnið og holdið ómorkið en ofan til og undir hökinni var skinnið af en holdið lítið fráétið. Það sýndist okkur líklegast, að þessi hola hefði orsakast af mannverknaði eður sting; af öllu limalagi en sérdeilis af fótleggjum og tönnum og klæðnaði er var: Blá peysa tvíhneppt<sup>59</sup> með beintölum hvítum, útprjónaður bolur hnepptur undir hendinni, einskeptuð skyrta, sandsvartar nærbuxur, tvennir sokkagarmar, þeir ytri mórâuðir, hinir hvítir með bláum röndum ofan til.

Dæmdum við sem kunnugir þetta væri Jóns heitins Þorgrímssonar frá Sjöunda sem sagt var frá í vetur að hefði hrapað úr Skorarhlíðum, svo sem öll þessi merki voru samkvæm okkar þekkingu á honum. Þetta viljum við með eiði sanna, ef til kemur.

Til frekari staðfestu okkar undirskrifuð nöfn á sama stað, ári og degi, sem fyrr greinir.

E. Kolbeinsson,  
Þorbergur Illugason, Bjarni Pálsson,  
Bjarni Halldórsson, Guðmundur Einarsson.

Anno 1802 þann 1. október var ofanefnt lík eftir fenginni skriflegri skikkun frá sýslumanni Guðmundi Scheveing að nýju skoðað í Saurbæjarkirkju af okkur undirskrifuðum sömu og áður í herra prófastsins nærveru og fannst það, að vera með öllu eins ásigkomið og fyrr að því undanteknu að líkaminn var nú orðinn moltnari og linari og holan samanhlaupin að mestu. Svo nú<sup>60</sup> virðist óhægra að sjá af hverju hér að framan greind hola á líkinu hefði líklegast orsakast.

Saurbæ ut supra  
E. Kolbeinsson,  
Þorbergur Illugason, Bjarni Pálsson,  
Bjarni Halldórsson, Guðmundur Einarsson.

Í dag kominn af vísitasiuferð var ég nú viðstaddur þessa skoðun og játa hana sanna. Ut supra. Jón Ormsson.

### Skoðunarmenn líks yfirheyrðir

Þar næst voru innkallaðir fyrir réttinn þeir með stefnunnar fimmta pósti innstefndu skoðunarmenn og mættu þar Bjarni Pálsson, Bjarni Halldórsson og Guðmundur Einarsson en Þorbergur Illugason mætti ekki á þessu þingi. Sú í réttinum nú upp lesna af prestinum Eyjólf Kolbeinssyni framlagða synsforetting tvisvar gjörða var að nýju fyrir þeim in originali framvísað, þeir könnuðust við sínar undirskriftir og buðu sig til að staðfesta með eiði en sögðust ekki frekar geta list líkinu en í þeim væri gjört, hvar eftir þeir með uppréttum fingrum að heyrðri eiðsútskýringunni voru þeim af réttinum fyrir stílaðan svolátandi eið:

Það<sup>61</sup> sver ég Bjarni Pálsson, Bjarni Halldórsson, Guðmundur Einarsson og segi það almáttugum guði að þær skoðunarforréttingar sem ég þann 26. september og 1. október þessa árs yfir þann sjórekna karlmannslíkama sem fyrra daginn fannst undir Bjarnarnesi í Saurbæjarlandi undirskrifaði að Saurbæ og nú heyrði upp lesnar og skoðaði fyrir þessum rétti innihalda eintóman sannleika, svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga orð. Hér um getinni skoðunarforréttingu til enn frekari staðfestu skrifuðu prófasturinn Jón Ormsson og presturinn Eyjólfur Kolbeinsson fyrir réttinum eftir hans ávísun: Undir embættiseið hjá nöfnum sínum á original forréttingunni.

Svo sem þessi hola, sem eftir þessari eiðssvarinni skoðunar forréttingu fannst á líkinu kveikir grunsemdir gegn Bjarna Bjarnasyni að hann hafi stungið Jón heitinn Þorgrímsson áður eða eftir það hann rotaði Jón en þó Bjarni fyrir þessum rétti hafi því þverneitað lætur rétturinn innleiða fangann

<sup>59</sup> Bls. 61

<sup>60</sup> Bls. 62

<sup>61</sup> Bls. 63

Bjarna Bjarnason fyrir sig lausan og liðugan til nákvæmari rannsóknar að lyktum svo vel<sup>62</sup> um þetta sem annað ósannsýnilegt í hans játningu sérdeilis um morð Jóns heitins.

### Bjarni Bjarnason yfirheyrður á ný

Var svo Bjarni Bjarnason í réttinum aðspurður:

1) Stakkstu ekki Jón heitinn Þorgrímsson með jární fyrir brjóstið í sama sinn, fyrir eða eftir að þú rotaðir hann með stafnum?

Bjarni Svarar: Nei, það gjörði ég aldrei

Og marginntur um sama þrætti hann og stóð á sama hvar uppá honum af réttinum var fyrir lesinn og sýnd sú eiðsvarna og tvígjörða skoðunar-forréttning yfir líkama Jóns heitins, sem getur glögglega um holuna í kringum hverja að holdið á þrjá vegu var öldungis ómoltið, sem þú sýnist líklegast að hafi orsakast af sting, því heldur eignandi Bjarna, sem holan lá ofan að brjóstinu og var nóg til bana, en það af honum með gengna eina starfshögg varla einhlýtt til að myrða Jón heitinn, en hvernig sem rétturinn útlistaði þetta fyrir honum þverneitaði hann öllum sínum verknaði eða vitund til þess, hvernig greind hola mundi hafa komið á líkið og lagði til: Að þó þetta eina högg sem hann hefði gefið Jóni heitnum hefði ei verið nóg til bana svo<sup>63</sup> hefði Jón heitinn ómögulega getað lífi haldið, þar hann strax á eftir hefði borið hann í sjóinn, hvað hann hefði þó gjört fremur til að koma líkinu frá og leyna svo misgjörningi sínu en til að gjöra út um líf hans sem hann ekkert hefði þá með honum fundið og í þeim kringumstæðum ekki nákvæmlega aðgætt framar.

Óskaði hann að mega gjöra sinn eið fyrir stingnum og sagðist eins skyldi hafa meðgengið hann ef hann hefði verið sekur í því eins og bæði morðin tvö.

2) Slóstu ekki Jón heitinn Þorgrímsson þessu banahöggi með stafnum áður eða án þess að Jón reiddi staf sinn til höggs á þig?

Bjarni svarar: Nei því Jón heitinn reiddi til höggs við mig áður og í sama bili sem ég sló hann, stafinn sinn.

Hvar upp á rétturinn útlistaði fyrir honum: Að þessi hans framburður kynni ei öðruvísi að ályktast en uppdiktaður fyrirláttur svo sem þetta morð hefði áður af honum og Steinunni eftir sjálfra þeirra með kenningu verið ásett. Bjarni staðfesti sína meðkenningu um það að hann hefði ásett sér að myrða Jón heitinn einhvern tíma en ekki þetta sinn og vildi<sup>64</sup> með engu móti umbreyta eða víkja frá sínum framburði eða segja öðruvísi eða frekar af viðskiptum Jóns heitins og sínum, eða atvikum við dauða Jóns heitins, en hans hér að framan rituð meðkenning með sér ber.

3) Hver var þinn tilgangur með að myrða Jón heitinn Þorgrímsson?

Bjarni svarar: Ég hafði fengið hatur til hans, af því hann deildi svo oft við konu sína vegna mín og lagði þykkju á mig og ég hélt hann mundi bera út okkar samdrátt og til að fría hana frá reiði og þykkju af manni sínum fyrir ást sína á mér og okkur Steinunni frá því að í orðrómi kæmist okkar samdráttur ásetti ég með hennar samþykki og ráði að fyrirfara Jóni heitnum og framkvæmdi það í þetta sinn einungis af því hann réðst til höggs við mig.

4) Í hverjum tilgangi myrtir þú konu þína Guðrúnu heitna Egilsdóttur?

---

<sup>62</sup> Bls. 64

<sup>63</sup> Bls. 65

<sup>64</sup> Bls. 66

Bjarni svarar: Til þess að geta eignast Steinunni Sveinsdóttur fyrir konu, sem ég þó framkvæmdi<sup>65</sup> helst af áeggjan og tilmælum Steinunnar sem og af því að Guðrún mín bar okkar Steinunnar lifnað út.

5) Hótaðir þú Guðrúnu heitinni að ef hún segði frá samdrætti ykkar Steinunnar skyldi hún missa lífið?

Bjarni svarar: Ekki ber ég á móti því, að ég hafi ekki einhvern tíma í reiði minni út af því sem ég frétti eftir henni, og af ótta ógnað henni með lífmissi, ef hún opinberaði mína háttsemi.

### Steinunn yfirheyrð á ný að Bjarna viðstöddum

Þar næst var Steinunn Sveinsdóttir laus og liðug fyrir réttinn innfærð og aðspurð:

1) Í hverjum tilgangi samþykktir þú og varst í ráði með að Bjarni Bjarnason skyldi myrða mann þinn, Jón heitinn Þorgrímsson?

Steinunn svarar: Af því ég hafði fengið kala og hatur til Jóns heitins, vegna margra hrakyrða og þykkju, sem ég iðulega mætti af honum, vegna elsku minnar á Bjarna. Og líka óttaðist ég að hann mundi fara að berja mig, svo sem hann hafði hótað mér, því ef ég drægi mig eftir Bjarna framar og mín launung á morðinu, eftir að<sup>66</sup> Bjarni hafði myrt Jón heitinn, orsakaðist af elsku minni til Bjarna og af henni og Bjarna rís öll mín ólukka.

2) Í hverjum tilgangi varstu í ráði og verki með Bjarna að myrða Guðrúnu heitna Egilsdóttur?

Steinunn svarar: Svo að ég fengi að giftast Bjarna og Guðrún heitin bæri ei lengur út okkar Bjarna samdrátt.

3) Ógnaðir þú ei Guðrúnu heitinni dauða ef hún auglýsti ykkar Bjarna breytni?

Steinunn svarar: Nei

4) Eggjaðir þú ekki Bjarna að hann skyldi nú myrða Guðrúnu heitna þegar þið voruð í fjárhlaðinu og sáuð til hennar frá bænum á laugardaginn fyrir hvítasunnu?

Steinunn svarar: Nei

Rétturinn spyr Bjarna: Sem nú meðan Steinunn var fyrir réttinum: Fýsti hún þig ekki til morðsins þá?

Bjarni svarar: Jú, því hún sagði, þegar við sátum til Guðrúnar frá bænum ofan eftir til okkar, að mér væri annað hvort að gjöra ellegar hún opinberaði mig.

Rétturinn spyr, hvað sagði hún þú skyldir gjöra?

Hann svarar:<sup>67</sup> Að myrða Guðrúnu heitna.

Þrættust þau Bjarni og Steinunn á um þetta fyrir réttinum, eins og fyrr, og loks eftir langa þrætni þeirra í millum, játaði Steinunn sig einungis sagt hafa í þetta sinn við Bjarna: Nú hefðum við gott tækifæri, því börnin liggja í rúmunum.

Bjarni játaði, að hún hefði sagt það, en stóð á að hún hefði líka sagt hitt, hvers Steinunn alltaf þrætti.

Var hún þá loks af réttinum aðspurð:

---

<sup>65</sup> Bls. 67

<sup>66</sup> Bls. 68

<sup>67</sup> Bls. 69

5) Vissir þú ei til að Bjarni stingi Jón heitinn í brjóstið þegar hann myrti hann, eða að sú hola, sem fundin er á líki Jóns heitins, sé af Bjarna tilverknaði?

Steinunn svarar: Nei, til þess veit ég ekki, og ekki hefur hann sagt mér það, heldur sagði hann mér eftir það, að hann í síðara sinni kastaði líkinu í sjóinn, að þó Jón heitinn ræki, mundu ekki mannaverk sjást á hans líkama.

Þar eftir var öll Bjarna og Steinunnar nú og áður gjörð meðkenning og svör um bæði morðin fyrir þeim upp lesin og játuðu þau bæði, að sín meðkenning væri rétt inn færð.

Voru þau bæði<sup>68</sup> sameiginlega að síðustu aðspurð hvort Guðrún heitin mundi ekki hafa verið barnhafandi, þá hún dó?

Bæði svöruðu nei, og Bjarni lagði til: Að hann hefði seinast haft holdlegt samræði við hana skömmu fyrir Mikaelismessu [sennilega 29. sept. 1802] í fyrrasumar og skilið rúm við hana í fyrravetur fyrir þorra.

Þar næst voru þau út leidd frá réttinum og fengin 6 mönnum til vöktunar.

### Skoðunarmenn líks Jóns yfirheyrðir á ný

Presturinn Eyjólfur Kolbeinsson og þeir aðrir þrír til staðar verandi skoðunarmenn voru nú inn kallaðir fyrir réttinn og nákvæmlega aðspurðir, hvort þeir hefðu orðið varir við merki til nokkurs áverka á höfði líksins eða ekki svo grandgæfilega skoðað það?

Bjarni Halldórsson svarar: Höfuðið skoðuðum við nákvæmlega til að vita, hvort beinið væri ei skaðað og var það heilt mér finnanlega. Og sama sögðu þeir Bjarni Pálsson og Guðmundur, en presturinn lagði til að svo sem allt skinnið og að mesta af holdinu hefði verið frá étið af höfðinu, kynni það el að hafa verið, að Jón heitinn hefði fengið stórt högg á það án<sup>69</sup> þess að höfuðið bæri það nú með sér að utan.

### Önnur vitni spurð um hvort Guðrún hefði verið barnshafandi

Frekari upplýsing um þetta sögðust nefndir menn ekki geta gefið undir sinn eið. Þar næst voru innstefndu vitni, sem mætt höfðu, innkölluð og af réttinum aðspurð, hvort engin af þeim gæti gefið upplýsingu um það, hvort Guðrún heitin hefði verið barnshafandi eður ei, þá hún var myrt?

Hvar til öll vitnin svöruðu. Þar um getum við enga upplýsingu gefið, hvorki af hennar sögn né af okkar vitund, og engan höfum við heyrt segja það. Og svo sem réttinum virtist öldungis ómögulegt að fá frekari upplýsingu í þessari sök en búið er og hér að framan er ritað, helst þar svo vel aktor sem defensor söguðust ekkert sjá og vilja fá fremur rannsakað, var þetta forhör af réttinum slúttað, en léð þeim báðum til yfirlestrar til morguns, aktori af réttinum uppálagt að koma með þau allra náðulegast upp á boðnu attest útdregin af kirkjubókunum fyrir bæða delinkventana og báðum að koma með sín endanleg innlegg í sökinni í réttinn tímanlega að morgni dags, þá sök þessi verði upp tekin til dóms.

Var nú dagur að kvöldi kominn og réttinum því af sýslumanninum uppsagt til morguns  
Ut supra

G. Scheving, J. Thorberg, Þorgrímur Pétursson, Ólafur Bjarnason, Árni Þóroddsson.<sup>70</sup>

<sup>68</sup> Bls. 70

<sup>69</sup> Bls. 71

<sup>70</sup> Bls. 72

## Réttarhöldum fram haldið 11. nóvember 1802

Anno 1802 11. nóvember að Sauðlauksdal settist rétturinn enn að nýju og framleggur aktor strax í réttinn eftir hann í gærkvöldi fenginni befallingu eitt attest um Bjarna Bjarnason undir hendi og signeti prófestsins herra Jóns Ormssonar daterað 8. þ.m. sem uppleið í réttinum var auðkennt með **Litt: N** og hljóðar svoleiðis:

### Skýrsla prófests um Bjarna

“Bjarni Bjarnason frá Sjöunda er eftir þessa prestakalls ministerialbók 41 árs gamall, þar eð hann er fæddur 11. Janúar 1761 í Saurbæjarsókn í Barðastrandarsýslu. Síðan finn ég hans ei getið í sálnaregistrum fyrr en 1780, þá hann var orðinn vinnumaður í Botni hér í sókn, og það var hann 1782, þá ég kom til prestakallsins samt nokkur ár eftir það nefnilega<sup>71</sup> til 1788, þá hann fór til Raknadal hér í sókn og kvongaðist Guðrúnu heitinni Egilsdóttur árið 1789, bjó svo eitt ár í Raknadal og þar eftir 5 ár á Barðaströnd, að þeim liðnum færðist hann búferlum að Sjöundá í Saurbæjarsókn, og hefur þar síðan búfastur verið allt til þessa. Hann er sæmilega vel upplýstur í kristindómsins þekkingu. Hefur verið átlitinn nokkuð bráðlyndur en þó raungóður maður og ei veit ég að hann að undanförunu hafi verið þekktur að skelmis-stykkjum.

Sauðlauksdal þann 8. nóv 1802  
Jón Ormsson

### Skýrsla prests um Steinunni

2. attest um Steinunni Sveinsdóttur undir hendi og signeti prestsins Jóhanns Bergsveinssonar daterað 6 þ.m., sem upp lesið í réttinum var markað með **Litt: O** svohljóðandi:

“Jafnvel þó mér af skilríkum mönnum sé fortalið að Steinunn Sveinsdóttir<sup>72</sup> sé fædd að Auðnum innan Brjánslækjarsóknar, finnst þó hvergi hennar nafn skrifað í þessari sókna ministerialbókum fyrr en árið 1788, að hún hefur verið ógift hjá foreldrum sínum og verið álitin skikkanleg, þá hún skrifuð 20 ára, og árið næst eftir nefnd sem skikkanleg og talin 21 árs. En þegar ég kom hér til sóknar árið 1793, var hún gift Jóni Þorgrímssyni og bjó í Hrísnis í Hagsókn, hvaðan hún fór í fardögum 1795 að Skapadal í Sauðlauksdalssókn og dvaldi þar til ársins 1800, að hún með manni sínum fór að Sjöundá, og þar var hún til þess á næstliðnu sumri, að hún fluttist aftur hingað að Hrísnis. Um þann tveggja ára tíma, sem hún uppi hélt sér í minni sókn, nefnilega 1793 og 1794 veit ég ei annað en að hún hafi hagað sé skikkanlega. Bar ei heldur þá á ósamþykki millum þeirra hjóna svo til minna eyrna kæmi. Allt svo er hún nú 34 ára gömul.

Þetta attesterest eftir begering í kraf af fororndningunum af 21. Maí 1751 og 3. júní 1796 grein 38 undir<sup>73</sup> embættiseið.

Brjánslæk þann 6. nóvember 1802 af Bergsveinsson presti.

3. Pro memoris af dags dato undir sínu nafni, sem er hans innlegg í þessari sök, það var upp lesið fyrir réttinum og merkt með **Litt: P** svohljóðandi;

### Ákærandi Einar Jónsson aktor

#### Pro Memoris

Jafnvel þó vitni hafi ei gengið að því, að Jón heitinn Þorgrímsson hafi verið myrtur af Bjarna Bjarnasyni þá sýnir allra en sérdeilis heimilisvitnanna eiðsvarinn vitnisburður að illindi og úlfúð svo

<sup>71</sup> Bls. 73

<sup>72</sup> Bls. 74

<sup>73</sup> Bls. 75

vel milli bænandanna sem hjónanna á Sjöundá hafi næstliðinn vetur farið dagvaxandi. Einnig vottar sú eiðsvarna skoðunarforrétting yfir sjórekinn líkama Jóns heitins með því að lýsa honum óbeinbrotnum, það næstum ómögulegt að Jón heitin hafi af Skorarhlíðum hrapað, sem Bjarni þó sagði öllum. Hér að auki hefur Bjarni sjálfur óneyddur játað og meðkennt fyrir þessum rétti að hann<sup>74</sup> hafi myrt Jón heitinn Þorgrímsson næstliðinn 1. apríl en Steinunn hafi verið í vitorði og ráði með sér til þess morðs sem hún sjálf og óneydd hafur meðgengið. Glögglegar ganga vitni fram að lýsingu Guðrúnar heitinnar Egilsdóttur, að þau Bjarni og Steinunn hafi reynt til að drepa sig með forgift þann 29. Apríl, sem þau nú bæði óneydd hafa fyrir þessum rétti meðkennt, og að þau , þegar þetta hafi ei dugað, hafi með hryggilegum níðingsatvikum ráðið nefnda Guðrúnu af dögum næstliðinn 5. júní: Aldeilis saklausa hvers vegna ég uppástend, að Bjarni þessi Bjarnason og Steinunn þessi Sveinsdóttir verði nú af þessum rétti fyrir svo viðurstyggleg morð sér til straffs og öðrum viðvörunar dæmd til kvalafulls lífláts eftir Fr. af 16. október 1697.

Ég uppástend og að þau vitni sem ekki hafa mætt hér eftir stefnunni og ekki sanna sín forföll eftir laganna forskrift, verði dæmd í fallsmálsbætur<sup>75</sup> eftir N.L. 1. B. 4 kap. 32 art. - Að síðustu uppástend, að mér verði í ómakslaun etc. Nefnil: Vikulaun fyrir sjálfan mig, eina sendiferð inn á Barðaströnd með stefnuna til stefnuvottanna þar og aðra sama erindis til stefnuvottanna hér til dæmdir 8 rd cour: af fjármunum þeirra seku, eða jústits-kassanum.

Sauðlauksdal þann 11. Nóv. 1802  
Einar Jónsson (settur aktor)  
Til Extrahéraðsrettarins í Sauðlauksdal.

### Vörn Guðmundar Einarssonar defensor

Án þess að vilja fegra þann viðurstygglegasta glæp, sem Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir á Sjöundá eru nú eftir eigin meðkenning orðin opinber að fyrir þessum rétti, vildi ég auðmjúklega biðja, að rétturinn framfærði N.L. 6 – 12 – 1,2,3, til framburðar Bjarna<sup>76</sup> viðvíkjandi morði Jóns heitins Þorgrímssonar - Steinunnar Sveinsdóttur vitund og launung með Bjarna á báðum morðunum mætti máski afsakast með þeirri þykkju, sem hún af Jóns heitins sífelldu nöldri hafði til hans fengið, og ekki minna af hennar elsku til Bjarna og ótta fyrir honum, hefði hún opinberaði hann, þegar menn setja sér fyrir sjón kvenlegra tilhneinginga óstjórnlleika þar var ei heldur nokkur, sem með skynsamlegum fortölum afréði þeim sinn vonda ásetning, ekki svo mikið að prófasturinn gerði þar húsvitjun, enn síður fyndi, að ósamlyndi þeirra eður áminnti þau hjón til samdrægni og innbyrðis kærleika. Hennar brot kynni því máski að heimfærast til N.L. 6-6-11.

Að síðustu uppástend ég að mér af réttinum til dæmist í mín ómakslaun nefnilega eins dags ferð heiman og heim og máski 3-5 [?] daga bið hér 4 rd. Eftir konunglegu loforði í N.L. 1-9-12, og tilskipun af 11. júlí 1800. Mín uppásetning<sup>77</sup> getur ekki óbilleg álitist, svo sem ég hafi gefið hér fyrir mat og rúm 12 s um hvern dag.

Sauðlauksdal 11. Nóv 1802  
Guðmundur Sigmundsson  
Til extraréttarins í Sauðlauksdal.

Þar næst voru þeir aktor og defensor af réttinum aðspurðir hvort þeir hefðu fleira að fram færa í sökinni undir endanlegan dóm og svöruðu báðir: Nei. Er því sök þessu hér með af réttinum til dóms upptekin, svo sem hann sér ekkert forsómað af aktor eða defensor af þeim sem mögulegt var af sökinni til upplýsingar.

<sup>74</sup> Bls. 76

<sup>75</sup> Bls. 77

<sup>76</sup> Bls. 78

<sup>77</sup> Bls. 79



## Dómur kveðinn upp

Næsta dag eftir nefnilega, þann 12. s.m. var upp lesin í réttinum eftirfylgjandi héraðsréttardómur í morðsökunum frá Sjöundá, saminn af sýslumanninum og undirskrifuðum meðdómsmönnum:

Skömmu fyrir næstliðin sumarmál barst það út frá Sjöundá, að annar bóndinn þar, Jón Þorgrímsson<sup>78</sup> hefði hrapað af Skorahlíðum, þá hann hefði ætlað að sækja hey inn í Skor, sem hann og hinn bóndinn þar, Bjarni Bjarnason, hefðu átt þar saman pening sínum til fóðurs, þar heylaust var orðið heima, og þessu trúðu allir sem sannsýnilegu. Laugardaginn næstan fyrir hvítasunnu dó kona nefnds Bjarna, Guðrún Egilsdóttir. Flugu þá illmæli og tilgátur um sveitina, að þessi Guðrún muni hafa dáið af mannsins Bjarna, og konu Jóns heitins, Steinunnar völdum svoleiðis: Að henni mundi hafa verið gefið eitur inn af þeim; af sakarinnar samhengi ályktar rétturinn, að þessar tilgátur hafi kveikst:

1. Af því rykti, sem seinni part vetursins hafði frá Sjöundá gengið meðal nábúa um ósamlyndi og úlfúð milli beggja hjónanna og bændanna þar og frekjufullan samdrátt milli Bjarna og Steinunnar, sem helstu orsök til hins:
2. Af lýsingu Jóns um sína óánægju að vera þar lengur etc., en þó heldur
3. Af því, að Guðrúnu heitinni varð illt eftir sumarmálin snögglega og undarlega af sterkustu uppsölu eitt kvöld.
4. Af því, að Guðrún heitin, þá er hún gat um þennan sinn uppáfalla kvilla við aðra, eignaði hann það einhverju sandsmáu, glæru og<sup>79</sup> römmu, sem verið hefði í þeim graut er Steinunn hefði gefið sér skömmu áður, hvorn hún ósjúk borðað hefði og
5. Af því, að áðurnefnd Guðrún lét af sér heyra drjúg orð um að Bjarni og Steinunn héldu saman. Þau hefðu hóttað sér dauða ef hún segði frá lífernisháttum þeirra svo og að hún ætti þar illum atlotum mæta sem þau væru.

Þessar tilgátur um dauðaefni Guðrúnar heyrir Jón prófastur Ormsson á Trinitatishátíð, þá Guðrúnar lík var komið að Saurbæ til að grafast þá og lætur því í safnaðarins viðurvist slá upp kistuna og skoða líkið með sérdeilislega tilkvöddum Sigmundi Jónssyni og Ólafi Sigurðssyni, er það svo grafið án nokkurs umtals og frekari aðgjörða. Fyrst eftir átta daga skrifar nefndur prófastur bréf heima hjá sér, nefnilega þann 21. Júní, innfært í prósessinn undir **Litt: L** og lætur það fara á skotspónum inn að Haga, og kemur það því til síns meðtökumanns, sýslumanns Davíðs Schevings í miðjum júlí. Hér í tilkynnir prófastur honum ryktið, skoðun sína og líksins greftrun og bætir því við, að enginn rýmileg líkindi til téðs illmælis sanninda hafi fundist við skoðunina eða aðra sína eftirgrennslun um sama. Þetta sama bréf afhenti nefndur sýslumaður<sup>80</sup> skömmu eftir þeim þá nýsetta Guðmundi Scheving, sem af bréfsins lina stílsnáta og útþrykkilegu vísbendingu, að engin líkindi til illmælisins sanninda hafi fundist, og því hafi það sem þó einungis gat verið corpus delicti grafið verið nú fyrir rúmum mánuði, lét þessa sök svo sem fótalaus almúgaslaðurs uppbotu upptektalaust hjá líða og heyrir nú ekkert fremur um þetta efni, svo sem þessi óhróður í sinni sveit nokkurn tíma eftir téða skoðun féll í dá, en kviknar á ný í byrjun ágúst, þá Bjarni og Steinunn voru aðskilin, vegna misgrunar nábúa um, að þau lægju í vondum ótérlegum lifnaði saman og fær þann tilbætir, að Jón heitinn muni ogsvo af Bjarna völdum dáið hafa, hvörs einasti grundvöllur hefur verið áðurgreind lýsing Jóns heitins, svona

<sup>78</sup> Bls. 80

<sup>79</sup> Bls. 81

<sup>80</sup> Bls. 82



röksemdalíttill, því enginn hefur þetta angefið fyrir sýslumanni. Fyrr eður síðar flýr þessi orðrómur ei með öllu sýslumann Guðmund, sem fagnar honum illa, en finnur engan styrk á sér að taka hann upp á sama máta, sem tilskipunin af 3. júní 1796 9. kap. Bíður, að þær sakir skuli hanterast sem hafi corpus delicti til grunvöls, svo sem hann ályktaði það ekkert gagna að<sup>81</sup> senda nú fjórar þingmannaleiðir eftir kírurgo til að gjöra obductions forréttingu yfir líkama Guðrúnar heitinnar sem þá hafði legið í gröfni í um tvo mánuði. Uppáleggur þó Einari hreppstjóra þar Jónssyni með bréfi að 25. sept. Merktu **Litt:A** að grennslast eftir sakarinnar grundvelli, innstefna öllum fánlegum vitnum, stutt – vera aktor í sökinni, afsakar sig því að inkvirera strax í þessu, svo sem hann á þeim tíma, sem Einar fljótast gæti komið stefnum fram í svo fjallaslæmu og stóru plássi meðal fólks yrði komin á leið til að uppfylla bón fyrrnefnda sýslumanns Davíðs, sem er afi hans og minnisstæður velgjörari, að mæta hans vegna fyrir hinum konunglega Landsyfírrétti í þann 11. október.

Í þessu bili, nefnilega 26. sama mánaðar, finnst í Saurbæjarlandareign sjórekinn karlmannslíkami, sem viðstaddur Eyjólfur prestur Kolbeinsson lætur fjóra menn með sér skoða, sem af því að allt, sem fannst á líkinu, bar saman við það, sem þeir þekktu á Jóni frá Sjöundá, dæmdu það hans. Þetta tilkynnir presturinn nú ekkert frekar sýslumanni, Guðmundi, með bréfi af 27. 28. Merktu með **Litt: D**, sem hann ferðbúinn suður meðtekur þann 28. s.m.<sup>82</sup> sem strax bíður Rauðasandshreppstjórum í nefnds prests viðurvist að skoða líkið og taka Bjarna fastan, ef áverki á því fyndist etc. Með bréfi af 28. Sept., merktu **Litt:E**. Þeir skoða líkið þann 1. október og taka Bjarna fastan og flytja hann á sýslumannsins heimili Haga, svo sem hola fannst á hálsinum á því, eignuð sting, sem þá gjörð forrétting yfir það sýnir, innfærði í prósessinn undir **Litt: M**, hvað þeir gefa nefndum sýslumanni til kynna með bréfi af 1. október merktu **Litt: I**. Þar situr Bjarni fastur til afturkomu Guðmundar sýslumanns þann 5. nóv., en á undan hafði sá setti aktor Einar innstefnt

1. Bjarna og Steinunni til að yfirheyrast og líða dóm.
2. Heimilisfólki á Sjöundá, nábúum, vinum og frændum þeirra burt dauðu, sem þau höfðu átt nokkurt tal um til vitnisburðar.
3. Prófastinum, Sigmundi og Ólafi, sem skoðuðu líki Guðrúnar og
4. Eyjólfri presti og þeim, sem með honum skoðuðu líkama sjórekna, álitinn Jóns heitins frá Sjöundá, öllum til vitnisburðar um líkanna útlit og ásigkomulag að Sauðlauksdal á 8. þ.m. með stefnu af 15. október merktri **Litt. B**.

Þennan fyrsta þingdag allan þræta og víbla þau sigtuðu<sup>83</sup> fyrir ásetning sinn og framkvæmd alla á dauða þeirra Jóns og Guðrúnar, en um síðir viknar þó Bjarni af fortölum prests og meðgengur fyrst fyrir honum heimuglega og síðan daginn eftir óneyddur fyrir rétti, samdrátt og holdlegt samræði milli sín og Steinunnar, konu Jóns heitins, á næstliðnum vetri, þar af rísandi úlfúð, deilur og þykkju milli Steinunnar og Jóns, hans og sín og Guðrúnar, konu sinnar, og af þessu fyrst kviknaðan ásetning sinn með sjálfrar Steinunnar vilja og ráði að myrða Jón, mann hennar, og þessi sinn ásetningur loks hafi framkvæmst með morði Jóns af sér frömdu á þann 1. apríl með þeim kringumstæðum nefnilega að hann hafi rotað Jón með stafshöggi einu og borið hann svo strax í sjó, en stendur fast á því, að Jón heitinn hafi þá að fyrra bragði reitt staf sinn til höggs við sig, og þrætir alltaf stöðugt fyrir sting á honum dauðum og lifandi, og öll önnur atvik en hér eru greind, hvar af sú hola, sem fannst á líkinu, hefði getað orsakast.

Af þessu morði sínu segist hann strax hafa látið Steinunni vita, en engan annan. Víðara meðkennir Bjarni að hann af Steinunnar áeggjan, eigin vilja að ekta hana og ótta fyrir því, að Guðrún kona sín

---

<sup>81</sup> Bls. 83

<sup>82</sup> Bls. 84

<sup>83</sup> Bls. 85

mundi bera út sín og Steinunnar vonða lifna, blandað saman gamalt rottukrudt og eirsvarf til að gefa konu sinni í þeim tilgangi, að hún skyldi deyja þar af, sem Steinunn gjört<sup>84</sup> hefði skömmu þar eftir, af hverju Guðrún heitin einungis hefði fengið uppsölu mikla eina nótt og batnað aftur og að hann þá loks af áeggjan Steinunnar, styrktri með hótun að opinbera dráp hans á Jóni ella, hafi á þann 5. júní kyrkt konu sína Guðrúnu til dauða saklausa með þeirri tilhjálp Steinunnar: Að hún á meðan hafi haldið höndunum á henni, svo hún spriklaði minna; allt þetta í þeim tilgangi að ekta Steinunni á eftir, og af þessu hafi enginn vitað utan þau bæði, svo sem enginn annar var á bænum, nema börn ein, sem þá eigi voru komin á fætur.

Strax þar á eftir meðgengur Steinunn Sveinsdóttir líka óneydd fyrir réttinum hið sama, að svo miklu leyti, sem hans áhrærir, að því undanteknu, að hún þykist ei hafa eggjað Bjarna eins fast til að myrða Guðrúnu og hann fram ber, en meðgekk þó loks við réttarins síðasta samanburð á þeirra hér í mismunandi sögn, sig einungis sagt hafa: að nú hefðu þau gott tækifæri, þar börnin lægju í rúminu þegar til hennar, Guðrúnar, sást rétt áður en hún var myrt.

Víðara sagði hún að orsökkin til síns samþykkis fyrirfram og launungar eftir á morði manns síns hefði verið fengið hatur og ótti fyrir honum af reiðuglegri aðfyndni og með handsstraffi sameinuðum hótunum hans við sig, vegna síns og Bjarna<sup>85</sup> samdráttar og elska til morðingjans, en sinn tilgangur hefði verið að frelsast frá hans ógeðfældri sambúð. Orsökkin til vilja síns að myrða Guðrúnu hefði verið ótti að hún mundi bera þeirra Bjarna vonða lifnað út, en til hjálpar sinnar til morðsins nefnilega, að hún hélt höndunum á Guðrúnu, meðan Bjarni kæfði hana, hefði verið: að hún ei skyldi sprikla og tilgangur sinn í þessu hefði verið eftirlöngun að ekta Bjarna.

Ályktar því rétturinn fullan sannleika:

1. Að Bjarni Bjarnason hafi haft í fyrravetur fullan ásetning að myrða Jón heitinn Þorgrímsson og að hann hafi framkvæmt þennan sinn ásetning í morði Jóns á næstliðnum 1. apríl.
2. Að þetta morð hafi skeð með vitund og samþykki konu Jóns, Steinunnar Sveinsdóttur.
3. Að Steinunn Sveinsdóttir hafi áfýst Bjarna að myrða konu sína, og það hafi og svo verið vilji Bjarna.
4. Að nefndur Bjarni hafi fengið Steinunn rottukrúð og eirsvarf til að gefa konu sinni inn, og Steinunn hafi gefið Guðrúnu heitinni þetta. Samt, að þeirra sameiginlegur tilgangur með þessari inngjöf hafi verið dauði Guðrúnar.
5. Að Bjarni hafi kæft konu sína til dauðs saklausa þann 5. júní, og Steinunn hafi þá haldið höndunum á henni.
6. Að þessi morð hafi skeð að yfirlögðu ráði og sameiginlegum ásetningi Bjarna og <sup>86</sup> Steinunnar og
7. Að Bjarni áltist að hafa útfært bæði morðin en ekki Steinunn, því Guðrún heitin dó ekki af eitursinngjöf hennar, né af því þó hún héldi höndunum á henni er hún því einungis álitin sek fyrir samþykki fyrirfram og launung eftir á til og á morði ektamanns síns, Jóns Þorgrímssonar, áeggjun og tilraunir að myrða Guðrúnu Egilsdóttur með eitri þann 29. apríl, samt ítrekaða áfýsingu og tilhjálp að myrða hana saklausa upp á níðingslegan máta þann 5. júní í þeim tilgangi að ekta mann hennar, morðingjann hennar og síns manns – Bjarna þennan, sem grundast á eftirfylgjandi:

---

<sup>84</sup> Bls. 86

<sup>85</sup> Bls. 87

<sup>86</sup> Bls. 88

1. Heimilisvitnanna Jóns og Málfríðar samstemma vitnisburði um úlfúð milli beggja hjónanna og bændanna á Sjöundá, rísandi af samdrætti Bjarna og Steinunnar, að þau ekki hafi heyrt hann gjöra ráð fyrir um að fara í Skor, heldur með Bjarna, álykta að Hlíðarnar væru ófærar, og líka mundi hann þá hafa betur skýlt að höfði sínu, en með blárri kollhúfu.
2. Sýnir skoðunarforréttingin, að lík hans var óbeinbrotið og minna skemmt en það hefði verið ef að Jón heitinn hefði úr Rauðuskriðu á Sjöundárhliðum hrapað, hvar klettur eru mikið háir fyrir neðan, þverhníptir og urð í fjörunni, sem sé einasti af vitnunum þar velkunnugi, fjórða vitnið, Gísli, staðfestir, og legið svo í sjó frá 1. apríl til 26. sept. Í jafnstórsjós - og brimasömu plássi.
3. Vottar samanburður<sup>87</sup> á Bjarna og Steinunnar sögn við aðra út í frá og þeirra fyrri meðkenningu hér fyrir réttinum um dauða Jóns heitins, við þeirra síðari meðkenningu, að hin hefur verið einber uppdiktun þeirra til að skýla morðinu, svo sem hún er í mörgu ólíkleg og viblusöm og gagnstæð.
4. Jóns Bjarnasonar vitnisburði um Guðrúnar heitinnar megnu og hastarlegu uppsölu, sem áður var heilbrigð - auk hans Jarþrúðar og Rögnvalds samstemma vitnisburði um lýsingu Guðrúnar viðvíkjandi orsökinni til uppsölu þessarar, sem nú fremur upplýsist og staðfestist af delinqventanna meðkenningu, að rottukrúð og eirsvarf hafi í grautum verið af sér gefið Guðrúnu.
5. Bjargar, Rögnvaldar og Guðmundar Einarssonar samstemma vitnisburði um lýsingu Guðrúnar: Að hún ei þyrði að auglýsa sín bágindi, vegna hótana Bjarna og Steinunnar, að það skyldi gilda hennar líf.
6. Vitnisburði þeirra, sem lík Guðrúnar skoðuðu, nefnilega Jóns prófasts og Sigmundar og Ólafs um þess ásigkomulag, svo sem bláma á því og kviðarins uppþeming, sem rétturinn álitur kennimerki til sannleika delinqventanna meðkenningar um sína meðferð á Guðrúnu, meðan þau drápu hana, en ei til hins, að hún hafi ólétt verið til hvörs engin rök fundust, nema hér ótitlað orðatiltæki prófastsins, frá hvörju hann síðar gekk, og sagði það hefði verið samlíking sín.
7. Var sú síðari meðkenning delinqventanna óneydd og oft staðfest af þeim fyrir réttinum, fékkst fyrst af Steinunni algjörlega<sup>88</sup> eftir að Bjarna varð snúið með prestsins fortölum frá upptekinni þrjósku og þeirra innbyrðis samningi að leynd hvort eftir öðru. Var nú víðar samhljóða, þá hvorugt heyrði til annars, nema Steinunn þrætti legni fyrir þá sterku eggjun til morðs Guðrúnar, sem Bjarni hermdi á hana, en meðgekk á sig áfýsingarorð við síðustu konfortation og yfirhöfuð rýmir fyrir rituð meðkenning delinqventanna sig við og verður fundin sönn af því heila samhengi sakarinnar, þeirra fyrstu uppdiktun og vitnanna framburði, að fylgjandi undanteknu:

1. Að Bjarni þrættir fyrir að hafa nokkurn tímann stungið Jón heitinn, hvar til að sú hola, sem fannst á líkinu, gefur þó sterka líkur, já og svo sterka, að jafnvel þó líkið sé ekki að kírurgo enn löglega skoðað, fær rétturinn ei af sér að fríkenna Bjarna frá að hafa verið orsök til greindrar holu á því, nema ef hann gæti með eiði frálagt sér það.

2. Að Jón heitinn hafi að fyrri bragði reitt til höggs við Bjarna, þar það var Bjarna yfirlagt ráð að myrða hann og hann var mikið minni að kröftum og snarræði, efast rétturinn um þess sannleika en álitur ei leyfilegt að brúka þau einustu eftirverandi meðöl til hans auglýsingar í þessu atviki, sem eru eiður eða tortúra (?) , síst þar það samanborið við önnur atvik í

<sup>87</sup> Bls. 89

<sup>88</sup> Bls. 90

höfuðsökinni leggur lítið til delinquentensins straffherslu eða linunar. Frekari líkur<sup>89</sup> en framanskriðar að þessu illvirki er ómögulegt að fá. Það skeði á Sjöundá, bæ sem stendur innst í sveitinni, langt frá öðrum bæjum, hvar ei voru nema 2 fullorðnar manneskjur auk sjálfra hjónanna og ungra barna, þá Jón var myrtur langt frá bænum niðri við sjó, á þeim tíma sem þessar manneskjur grunlausar hafa inni setið, en enginn nema börnin í rúmumum, þá Guðrún var myrt, eftir hverju aktor hefur þó að megni grenslast og innstefnt öllum þeim, sem hann fékk uppspurt og líklegast var að eitthvert tal hefðu haft af Sjöundárfólki, en þótt þau fjarlægustu innstefndu vitni gegndu ei þeirri hans með fallsmálsstraffi klásúleruðu þeim, jafnt sem hinum auglýstu stefndu, álitur rétturinn þó ei nauðsynlegt að upp setja dóminn, þangað til þessi vitni, sem vegna fjarlægðar minnst eða ekkert geta borið í sökinni, væru á ný innstefnd og afheyrð, svo sem og engin af delinquentunum eða vitnunum hafa nokkuð til þeirra bent eður vitnað í sínum framburði, eður þangað til að kírúrgur, Jón Einarsson, eftir hverjum aðsent var að forlagi sýslumanns Guðmundar þann 5. þ.m. til að skoða lík Jóns heitins inngæfi sína ályktun um orsökina til holunnar, því það er mjög óvíst að hann geti komið svo<sup>90</sup> langan og örðugan veg í jafn miklu vetrarfari, sem nú er komið yfir allt. Hér að auki vottar sú síðari skoðunarforrétting, að holan var þá orðin eftir 4 daga samanhlauðin og ókennileg, af hverju rétturinn ályktar það jafnvel fyrir kírúrgus Jón að ómögulegt að dæma nú eftir 6 vikur, af hverju oft nefnd hola hafi orsakast.

Dæmist því rétt: Bjarni Bjarnason skal fyrir

1. Löngu fyrirfram ásett og við Steinunni Sveinsdóttur áður ráðgjört en á 1. apríl þ.á. framið morð á manni hennar, Jóni Þorgrímssyni.
2. Að hann með yfirlögðu ráði og vilja til að ráða konu sína, Guðrúnu Egilsdóttur, af lífi fékk Steinunni Sveinsdóttur rottukrúð og eirsvarf til að gefa henni inn, sem skeði á 29. p.m., þó nefnd Guðrún ekki af því dæi.
3. Að hann með fullu ráði af ásetningi kæfði til dauða áður nefnda konu sína, Guðrúnu, saklausa í þeim tilgangi að ekta konu þess áður af honum myrta Jóns, Steinunni Sveinsdóttur, á þann 5. júní næstliðinn, klípast þrisvar með glóandi tögum frá gjörningsplássinu til aftökustaðarins, hans hægri hönd skal af honum lifandi afhöggvast og þar næst hans höfuð með exi, sem hvort tveggja setist á stjaka, en kroppurinn leggist á stegjur.<sup>91</sup> Allt hans góss, fast og laust, sé hans konunglegri hátign tilfallið, að frágengnum þeim kostnaði, sem til þessa máls og varðhalds hans útkrefst, og fráleggi nefndur Bjarni sér með eið, vitund og tilverknáð allan til holu þeirrar, sem fannst á sjóreknum líkama Jóns Þorgrímssonar, svo stíluðum: Það sver ég, Bjarni Bjarnason, og segi það almáttugum guði, að ég er ekki með nokkurt slag orsök til þeirrar holu, sem fannst á neðanverðum hálsi sjórekens líkama þess af mér myrta Jóns Þorgrímssonar á Sjöundá, þá greint lík á 26. sept. Og 1. okt. Þess sama árs, nefnilega 1802, var skoðað við Saurbæjarkirkju, svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga orð. Álitist alla sekur af því banasári á líkama Jóns heitins Þorgrímssonar.

Steinunn Sveinsdóttir skal fyrir

1. Vitund og samþykki fyrirfram til morðs ektamanns síns, Jóns Þorgrímssonar.
2. Löngu yfirlagða eigin tilraun að myrða Guðrúnu Egilsdóttur á eitri þann 29. apríl og
3. Ítrekaða áfýsing og eigin tilhjálp að myrða hana saklausa þann 5. júní næst eftir í þeim tilgangi að ekta mann hennar, Bjarna Bjarnason, morðingjann hennar og manns síns, missa

<sup>89</sup> Bls. 91

<sup>90</sup> Bls. 92

<sup>91</sup> Bls. 93

sitt höfuð með exi, sem festist á stjaka á aftökustaðnum, hvar kroppurinn grafist og allt hennar góss, fast og laust, sé hans konunglegri hátign tilfallið, að frágengnum þeim kostnaði, sem til þessa máls og varðhalds hennar útheimtis. Þó má enginn execution á þeirra lífi ske fyrir en sökin með öllum kringumstæðum er framsend til hans konungl. Hátignar<sup>92</sup> allra mildilegustu úrlausnar eftir tilskipun af 16. okt. 1697 og reskripti af 22. apríl 1758, nákvæmar yfirskoðuð og uppáðæmd af þeim konunglega landsyfirrétti.

Þeim í héraði setta aktori, Einari Jónssyni, tildæmast 5 rd. Cour. og þeim setta defensori, Guðmundi Sigmundssyni, 2 rd. Cour. Fyrir þeirra reisur, uppihald og prókúrssjón í þessu máli af delinkventanna fjármunum til jafns.

Hér innstefnd vitni, sem ekki hafa mætt, og þar hjá forsómað að innsenda sín löglegu forföll, nefnilega Ingveldur Gunnlaugsdóttir, Páll Kolbeinsson, Margrét Guðmundsdóttir, Ólöf Jónsdóttir og Þorbergur Illugason, hverjum þó stefnan jafnt sem hinum í tíma birt verið, bæti hvert fyrir sig 10 rd. Sp. Í fallsmálsstraff til jafnrar deilingar millum kónigs og aktors innan 14 daga frá dóms þessa löglegri birtingu undir execution.

Af sækjanda eður verjanda í héraði er engin forsómun sýnd í rekstri mála þessa, að vísu liðu 37 dagar frá því, að Bjarni Bjarnason var tekinn fastur til þess að inkvirerað varð í sökinni, nefnilega frá 1. okt 1802 til 8. nóv. s.á. en samanburður á þeim hér í rétt komnu skjölum undir **Litt. A, B, D, E, K og L** og að öllum er kunnugt, að sýslumaðurinn fór úr héraðinu til Reykjavíkur þann 28. sept., en kom ekki aftur fyrir en þann 8. þ.m. og að hann þá mætti fyrir þeim konungl. Landsyfirrétti á 11. október, vegna þess þangað stefnda sýslumanns D. Schevings, vottar ljóslega, að sýslumaður Guðmundur Scheving er ekki að eigin vilja skuld í téðum drætti, og virðist hann því að vera honum með öllu ótilreiknanlegur. Við sína afturkomu þann<sup>93</sup> 5. þ.m. fékk sýslumaður, Guðmundur, fyrst að vita um holu þá, sem fannst á líkama Jóns heitins af bréfi Rauðasandshreppstjóra, því prestsins bréf, sem hann meðtók þann sama dag, sem hann fór suður, gat ei neitt um áverka á því, það fyrra merkt með **Litt. J**, hið síðar með **Litt. D**. og sendi þá nefndur sýslumaður eftir kírúrgó Jóni til að gera obductionsforréttingu yfir það daginn eftir, nefnilega þann 6., og af prófasts Jóns Ormssonar bréfi, merktu **Litt. L.**, sem og dóms þessa præmissis er ljóst, að nefndur prófastur, en enginn annar, er orsök í að engin obduction forrétting var haldin yfir líkama Guðrúnar Egilsdóttur

Actum ut Supra

G. Scheving

Thorberg, Þorgrímur Pétursson, Ólafur Bjarnason, Árni Þoroddsson.

Rétt útdregið af Barðastrandar-sýslu Justits-protocol og í rétt lögðum skjölum

Vitnar G. Scheving.

Haga þann 24. des. 1802.

Hér að framan skrifaðan dóm aflásuð við að Haga nú samstundis fyrir föngunum Bjarna Bjarnasyni og Steinunni Sveinsdóttur sem sögðust í auðmýkt girnast, að þessi þeirra málefni verði einungis send til konungsins náðarsamlegs álits. Þetta vitnum við undirskrifaðir undir okkar aflagða eið.

Haga dag 8. janúar 1803

Guðmundur Sigmundsson Jón Sveinsson

Upplesinn f. landsyfirrétti þann 2. maí 1803

Vitnar B. Stephensen

<sup>92</sup> Bls. 94

<sup>93</sup> Bls. 95

